

# Héraðssamband Þingeyinga



## Ársskýrsla 2017

# Efnisyfirlit

	Bls.
Stjórn, nefndir og ráð HSP 2017-2018 .....	3
Skýrsla stjórnar .....	4
Ársreikningar .....	6
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða .....	12
Frjálsíþróttaráð .....	12
Sundnefnd .....	18
Aksturssjóður .....	18
Afreksmannasjóður .....	18
Fræðslusjóður .....	18
Starfsskýrslur aðildarféлага .....	19
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar .....	20
Golfklúbbur Húsavíkur .....	20
Golfklúbbur Mývatnssveitar .....	21
Golfklúbburinn Hvammur .....	21
Golfklúbburinn Lundur .....	22
Hestamannafélagið Feykir .....	22
Hestamannafélagið Grani .....	23
Hestamannafélagið Snæfaxi .....	23
Hestamannafélagið Þjálfí .....	24
Íþróttafélagið Magni .....	24
Íþróttafélagið Völsungur .....	25
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag .....	27
Skákfélagið Huginn .....	29
Skotfélag Húsavíkur .....	30
Ungmennafélagið Austri .....	32
Ungmennafélagið Bjarmi .....	33
Ungmennafélagið Efling .....	34
Ungmennafélagið Einingin .....	35
Ungmennafélagið Gaman og Alvara .....	36
Ungmennafélagið Geisli .....	36
Ungmennafélag Langnesinga .....	36
Ungmennafélagið Leifur heppni .....	38
Hvatningarverðlaun og Íþróttamenn ársins 2017 .....	40
Fréttapunktur frá UMFÍ .....	43
Fréttapunktur frá ÍSí .....	46

## Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2017 - 2018

Formaður: Anita Karin Guttesen  
Varaformaður: Hermann Aðalsteinsson  
Ritari:  
Gjaldkeri: Stefán Jónasson  
Meðstjórnendur: Kristján Ragnar Arnarson  
Jóhanna Jóhannesdóttir  
Þorsteinn Þormóðsson  
Sigurbjörn Ásmundsson

Varamenn í stjórn: Jóna Kristín Gunnarsdóttir  
Jón Sverrir Sigtryggsson  
Sölvi Steinn Alfreðsson

### **Skoðunarmenn reikninga**

Kristján I Jóhannesson  
Jón Þórir Óskarsson  
Til vara: Guðmundur S. Héðinsson

## Ráð og nefndir HSB 2017-2018

### **Frjálsíþróttaráð**

Hulda Elín Skarphéðinsdóttir, formaður  
María Sigurðardóttir, gjaldkeri  
Nanna Steina Höskuldsdóttir  
Guðrún Dís Emilsdóttir  
Herdís Sigurðardóttir

### **Almenningsíþróttanefnd**

Þorgrímur Daníelsson, formaður  
Nanna Þórhallsdóttir  
Helen Jónsdóttir

### **Knattspyrnunefnd**

Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, formaður  
Sigmundur Birgir Skúlason  
Ísak Már Aðalsteinsson  
Þorsteinn Þormóðsson

### **Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna**

Reinhard Reynisson  
Þórir Aðalsteinsson  
Árni Garðar Helgason

### **Sundnefnd**

Elísabet Sigurðardóttir, formaður  
Rebekka Ásgeirsdóttir  
Árný Björnsdóttir  
Margrét G Þórhallsdóttir

### **Sögu- og minjanefnd**

Björn Ingólfsson  
Arngrímur Geirsson  
Jóhanna Kristjánsdóttir  
Hólmfríður Halldórsdóttir

### **Unglingalandsmótsnefnd**

Dagbjört Aradóttir  
Hrafngerður Ósp Elíasdóttir  
Höskuldur Freyr Sveinsson  
Anita Karin Guttesen  
Elfa Benediktsdóttir

### **Stjórn afreksmannasjóðs**

Hermann Aðalsteinsson, formaður  
Jón Friðrik Benónýsson  
Ágústa Pálsdóttir  
Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

### **Stjórn aksturssjóðs**

Anita Karin Guttesen, formaður  
Svanhildur Kristjánsdóttir  
Tómas Veigar Sigurðarson

# Skýrsla stjórnar

Kæru félagar,

Velkomin á ársþing HSP, sem er að þessu sinni haldið í Ýdölum í Þingeyjarsveit, 11. mars 2018, í umsjón Hestamannafélagsins Þjálfá. Við þökkum þeim kærlega fyrir góðar móttökur. Ég flyt ykkur hér með skýrslu stjórnar þar sem stiklað er á helstu málefnum stjórnar ársins 2017.

Farið var í tiltekt á bókhaldi HSP árið 2017. Á síðasta ársþingi var samþykkt að fella niður skuldir óvirkra félaga á árinu og hefur það verið gert. Jafnframt voru greiðsluáskoranir sendar út til virkra félaga um að gera skil á ógreiddum sköttum. Um er að ræða fimm félög. Einhverjar heimtur hafa orðið, flest hafa svarað okkur um að til standi að gera eitthvað í málunum. Það er auðvitað mjög gott. Það sem kannski vekur okkur til umhugsunar við slíkar aðstæður, þar sem starfsemi er í slíku lágmarki, hvort kominn sé tími til endurskoðunar á tilgangi og starfsemi viðkomandi félags. Hvort þau þurfi að enduruppgötva tilgang sinn og finna sér hlutverk í samfélaginu. Hér er nauðsynlegt að áréttta að lottóféð hefur verið hugsað til að stuðla að barna og unglingastarfi í héraði, þess vegna er lottóreglugerðin á þann veg sem hún er. Við höfum komið okkur saman um þessa skiptingu og þá megin hugsun að fullorðnir standi sjálfir undir sínum kostnaði en í krafti héraðssambandsins fá aðildafélögin lottó til standa að æskulýðsstarfi. Þess vegna er það umhugsunarefni ef félög halda sér gangandi á lottófé, sinna kannski lítilega eða ekki þessu hlutverki og skila jafnvel heldur ekki sköttum vegna félaga sinna. Við heyrum oft skýringuna, það tekur því ekki að fara á ársþing því við fáum svo lítið lottó. Þarna þarf viðhorfsbreytingu, því það að sinna því að mæta á ársþing er bara hluti af því að vera í þessum félagsskap. Félög þurfa því að átta sig á því hvort það sé nauðsynlegt fyrir þau, starfsemi þeirra, að vera í Héraðssambandinu og ef svarið er játandi, þá fylgir því einfaldlega ákveðna skyldur sem verður að sinna.

Það verður að segjast hér á þessum vettvangi að tíð framkvæmdastjóraskipti hafa bæði verið tímafrek og tekið á. Það er auðvitað ekki eðlilegt að ráða 3 framkvæmdastjóra á rúmu ári. Þessi skipti eiga sér eðlilegar skýringar en veldur engu að síður meiri óstöðugleika í starfi og verkefni sem til stendur að fara í sitja á hakanum. Þetta hefur einnig leitt af sér vangaveltur um hvaða kjör eru í boði hjá okkur, starfshlutfall, verkefni sem við eigum að inna af hendi, bæði gagnvart aðildafélögum en einnig sem framlenging frá UMFÍ og ÍSÍ. Ég hef í því sambandi verið dugleg að gagnrýna fyrirkomulagið eða vöntun á stuðningi á hærri stigum í íþróttaskipulaginu. Yfirbygging á landssamtökunum hefur aukist í gegnum tíðina, verkefnum frá þeim fjölgar ár frá ári en iðkendur og íbúum svæða eins og okkar fækkar. Fjármagn dregst saman, kröfurnar aukast á okkur og á einhverjum tímamarki passa kröfur og geta ekki lengur. Ég vil að UMFÍ og ÍSÍ styðji við minni héraðssambönd og setji það sem markmið að þau geti öll haft framkvæmdastjóra í fullu starfi. Spurning hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða íþróttalögin og skipulag íþróttamála í landinu. Íþróttahreyfingin þarf að finna farveg sinn til okkar, iðkendanna á landsbyggðinni. Þar liggja mikilvæg verkefni að stuðla að jöfnum tækifærum til tómsunda og íþróttaiðkunnar. Ég sat ágætán fund á dögnum fyrir formenn héraðssambanda þar sem við fengum kynningu á hinum ýmsu verkefnum ÍSÍ, þ.m.t. áætlun ÍSÍ um afreksstefnu og stórsókn í þeim málum. Þar kom í grunninn fram vandamálið sem blasir við: Fullt af skemmtilegum verkefnum, sem við eigum að kynna, miðla, stuðla að, koma á framfæri, tengja saman stofnanir og félög. Já samböndin eru með fullt af boltum á lofti og skilaboðin til okkar er að það eina sem við þurfum er að grípa þau. En til þess að grípa þurfum við að hafa lausar hendur.

Stjórnarfundir frá síðasta ársþingi eru 9 talsins, ásamt tveimur formannafundum sem voru haldnir í haust, annars vegar á Raufarhöfn, hins vegar í Reykjadal. Ákveðið var að prófa þetta form, að svæðisskipta, til að athuga hvort það myndi auka þátttöku á formannafundum sem hefur hingað til verið árlegur hluti af starfi HSP. Eins og þið vitið þá hefur mæting verið afar dræm. Mæting jókst aðeins, en kannski ekki nægilega til að við þurfum að spyrja okkur hvort formannafundir séu kannski barn síns tíma. Tilgangurinn var af praktískum toga, að hittast og fræðast um verkefni félaganna, í sérhverjum hrepp, koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum frá HSP og um verkefnin framundan. Við vitum það öll sem hér sitjum að samskipti manna í millum hafa tekið stakkaskiptum, tölvur og netsamband gera okkur kleyft að eiga í auðveldum samskiptum, koma upplýsingum á framfæri, og leita þeirra. Og kannski er kominn tími til að breyta til, endurhugsa fleira en formannafundinn. Við þurfum kannski sjálf sem samtök að enduruppgötva þann kraft sem býr í mannauðinum í héraði og ekki síst að finna verkefni sem snerta við samfélaginu, skipta máli og hafa tilgang... sem félögin, iðkendur, foreldrar, sveitarfélög skilja. Á þeim fjölmörgu fundum sem ég hef átt við ykkur í aðildarfélögunum bera skilaboðin flest að sama brunn. Áhyggjur af breytingum í samfélaginu sem gerir viðkomandi félagi erfiðara að starfa. Það getur verið vegna fólksfækkunar, minnkandi áhuga á félagsstörfum, meira framboði annarra hluta, samkeppni um tíma barna og unglinga, fjárhag og erfiðleika að fá foreldra og íbúa til að starfa og sinna þeim verkefnum sem umræddum félögum finnst þau þurfa að sinna. Vilji ungmenna- og íþróttafélög dafna þá verða þau í fyrsta lagi að hafa skýra mynd af tilgangi sínum og hvaða verkefnum það ætlar að sinna. En fólkið, íbúarnir verða um leið að sjá tilganginn með þeim, að þau geri samfélagið betra og skemmtilegra á einhvern hátt. Það er eðli samfélaga að þróast og við megum ekki vera hrædd við að breyta einhverju þó að stofnað hafi verið til þess



fyrir tugum ára og það hafi virkað með góðum árangri á þeim tíma. Stundum grípur um okkur nostalgia um það sem var og þá eru það minningarnar sem viðhalda einhverju sem hefur samt tapað gildi sínu í nútímanum. Ekki af því fólk hafi breyst svo mikið, heldur finnur það áhugamálum sínum sífellt nýja farvegi og hugðarefni breytast. Og þar verða ungmenna- og íþróttafélögin kannski að vera duglegri að finna sér nýja farvegi. Í þeirri viðleitni til að endurhugsa málin boðum við til sóknar á þessu þingi og umræðu um æskulýðsstefnu HSP. Vonum við að hún geti blásið kraft í starfið, bæði sambandið sjálft en ekki síst hjá félögunum í því umhverfi sem þau starfa. Við berum von um að hún muni auka samstarf hagsmunaaðila sem hafa það að markmiði að auka íþróttaiðkun, hreyfingu og lýðheilsu íbúa á svæðinu.



Ég vil að lokum fyrir hönd stjórnar HSP þakka tveimur öflugum konum sem hafa staðið íþróttavaktina hjá okkur, undanfarin mörg ár, en drógu sig í hlé í lok síðasta árs, en það eru þær Hulda fyrir frjálsíþróttaráðið og Ella í sundnefnd HSP. Við þökkum þeim kærlega óeigingjarnt starf í þágu HSP. Jafnframt þökkum við Evu Sól Pétursdóttur kærlega fyrir vel unnið starf þann stutta tíma sem við fengum að njóta starfskrafta hennar.

Með von um starfsgott þing.

Anita Karin Guttesen, formaður HSP 2017-2018



Héraðssamband Pingeyinga

Ársreikningur 2017

Héraðssamband Pingeyinga

580408-1330

### Áritun stjórnar HSP

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2017. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2017 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2017. Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017.

Naugar 4/3 2018

Staður og dagsætning

F.h. stjórnar HSP

Steininn Jónsson  
Sveinur Þorsteinsson  
Hermann Ólafsson  
Sigríður Árnadóttir  
Jóhanna Jóhannesdóttir

### Áritun þingjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingjörninir skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2017. Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

21.02.2018 Þróunsförum

Staður og dagsætning

Kristján S. Jóhannsson  
Jan Þ. Óskarsson

## Rekstrarreikningur 2017

### Aðaldeild

Rekstrartekjur:	2017	2016
Lottó UMFÍ	3.135.499	4.823.700
Lottó ÍSÍ	3.554.760	3.326.400
Útbreyðslust. /ósóttir vinningar	550.679	236.634
Áheitasala 1X2	168.692	-
Leiðr. upps. v. mætinga á þing	1.262.018	-
Styrkir ýmsir	-	803.090
Styrkir sveitarfélagið	3.333.400	3.009.600
Styrkir v. ULM	400.000	310.000
HSP 100 ára	-	100.000
Skattar félaga	1.500.000	1.476.000
Bakf. Tekjur óvirk félög	- 377.426	-
Peysusala	27.000	18.000
Bókasala HSP bókin	12.000	-
DVD landsmótsdiskur	-	10.000
Aðrar tekjur	2.000	35.000
Tjaldaleiga	345.000	-
	<b>13.913.622</b>	<b>14.148.424</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld	3.866.724	2.567.530
Vörukaup - birgðabreyting	96.563	1.425.058
Yfirstjórn	2.901.246	3.049.537
Lottó til félaga	5.034.043	6.295.750
	<b>11.898.576</b>	<b>13.337.875</b>
<b>Hag/Tap án fjármagnsliða</b>	<b>2.015.046</b>	<b>810.549</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>		
Vaxtatekjur	136.712	189.642
Vaxtagjöld	- 3.295	- 3.476
	<b>133.417</b>	<b>186.166</b>
<b>Hag/Tap ársins</b>	<b>2.148.463</b>	<b>996.715</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

---

### Eignir

<b>Fastafjármunir</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
Áhöld og tæki	1.214.279	1.214.279
Kerra yfirbyggð	270.000	270.000
	<b>1.484.279</b>	<b>1.484.279</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Viðskiptakröfur	1.771.221	2.253.762
Vörubirgiðir	1.420.455	1.436.500
Handbært fé	12.342.698	6.646.849
	<b>15.534.374</b>	<b>10.337.111</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>17.018.653</b>	<b>11.821.390</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

---

### Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2017	2016
Óráðst. eigið fé 01.01.	10.597.810	9.601.095
Birgðir 31.12	-	-
Hag /Tap ársins	2.148.463	996.715
	<b>12.746.273</b>	<b>10.597.810</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	688.340	1.108.984
Ógreitt LOTTÓ til félaga	3.304.421	-
Ógreitt v/starfsfóks	279.619	114.596
	<b>4.272.380</b>	<b>1.223.580</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>17.018.653</b>	<b>11.821.390</b>

## Rekstrarreikningur Frjálsþróttaráðs 2017

Tekjur	2017	2016
Æfingagjöld	1.368.201	2.104.520
Mót utan svæðis, kostnaður keppenda	705.825	1.812.509
Mót innan svæðis, skráningargjöld o.fl.	109.500	196.175
Æfingabúðir, styrkur og kostnaður þátttakenda	150.000	
Dagatal styrkir	260.000	353.800
Dagatal sala	465.100	311.600
Styrkur HSP	500.000	58.363
Styrkur FRÍ	124.464	60.103
Styrkur v. frjálsþr.sk. 2016	150.000	9.000
Sjoppa	72.410	82.928
Æfingafatnaður	9.100	127.463
Fjáröflun v. 2016		
<b>Samtals tekjur</b>	<b>3.914.600</b>	<b>5.116.461</b>

Gjöld	2017	2016
Æfingagjöld utan félags		
þjálfaralaun		
Mót utan svæðis - skráningargjöld o.fl.	133.075	260.538
Mót innan svæðis, verðlaun o.fl.	450.000	500.000
Íþróttaskóli	190.894	934.057
Æfingabúðir	90.434	244.634
Dagatal, prentun og póstburðargjald		
Sjoppa	864.403	1.939.229
Fjáröflunarvörur v. 2016		
Æfingafatnaður		
Ýmis kostnaður		
Niðurfelldar kröfur eldri en 2016		
<b>Samtals gjöld</b>	<b>5.116.461</b>	

Efnahagsreikningur 2017	2017	2016
Viðskiptakröfur	133.075	260.538
Aðrar skammtímakröfur (styrkur HSP)	450.000	500.000
Handbært fé. Sparisj. S-Þing.	190.894	934.057
Útstandandi fjáröflunarvörur og æfingafatn.	90.434	244.634
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>864.403</b>	<b>1.939.229</b>

6/3'18 Erla Bjarnaadóttir  
Dags. Skoðunarmaður

6/3'18 Ragnhildur Pálald  
Dags. Skoðunarmaður

<b>Rekstrarreikningur 2017</b>	<b>3.914.600</b>
Rekstrarreikningur	3.914.600
Rekstrargjöld	5.116.461
<b>Rekstrar (tap)</b>	<b>-1.201.861</b>
Fjármunatekjur	2.996
Fjármagnsgjöld og verðbætur	-28.961
<b>Fjármunatekjur og gjöld samtals (Tap) ársins</b>	<b>-1.227.826</b>

6/3'18 María Sigurðardóttir  
Dags. Gjaldkeri



# Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

## Frjálsíþróttaráð HSP

### Æfingabúðir á Þórshöfn

Mjög góð þátttaka var í æfingabúðir á Þórshöfn sem fóru fram 13.-14. janúar, en 51 iðkandi tók þátt. Farið var með rútu frá Fjallasýn. Þegar við vorum komin til Þórshafnar var byrjað að losa rútna við félagsheimilið en þar fengum við gistingu. Tveggja tíma æfing fór svo fram í íþróttahúsinu á staðnum og sáu þau Brói, Selmdís og Árni um æfinguna. Eftir æfingu var boðið var upp á grýtu og brauð og svo fóru krakkarnir í sund. Að sundi loknu voru nokkrir hópeflisleikir fyrir svefn. Morgunmatur fór fram í félagsheimilinu og svo var 2 klst. æfing í íþróttahúsinu. Grjónagrautur og ostabrauð var í hádegismat. Eftir mat var smá hvíld og gengið var frá í félagsheimilinu. Eftir seinni æfingu skruppu iðkendur smá stund í sund og fengu svo hressingu áður en við lögðum af stað heim.



Þetta er í þriðja sinn sem frjálsíþróttaráð stendur fyrir sólarhringsæfingabúðum á Þórshöfn. Ætíð fáum við frábærar móttökur og gott viðmót á staðnum. Auðvitað er eitt og annað sem kemur upp eins og meiðsl hjá iðkendum og þá er því bara reddað. Farastjórum fannst áberandi í þessari ferð hvað iðkendur voru glaðir og tilbúnir til að takast á við æfingarnar og það sem í boði var. Aldrei fengum við spurningu um hvort sleppa mætti næstu æfingu heldur vorum við frekar spurðar klukkan hvað næsta æfing væri og hvort hún færi ekki að byrja. Virkilega skemmtilegar og flottar æfingabúðir.

### MÍ 11-14 ára

Meistaramót Íslands 11-14 ára fór fram í Kaplakrika í Hafnarfirði 30.-31. janúar. Keppendur á mótinu voru alls 321 frá 14 félögum víðs vegar um landið. HSP átti einn keppanda, Björgu Gunnlaugsdóttur 11 ára. Hún gerði heldur betur góða ferð suður, varð Íslandsmeistari í 60m hlaupi og deildi Íslandsmeistaratitlinum í hástökki með tveimur öðrum. Að auki varð hún í 2. sæti í langstökki og 600m hlaupi. Alls fékk Björg 28 stig en 10 efstu sætin gefa stig. Í flokki 11 ára stúlkna voru 8 lið með keppendur og í heildina varð HSP í 3 sæti. Björg bætti sinn persónulega árangur í öllum fjórum greinunum sem hún keppti í.



### Stórmót ÍR

Helgina 11.-12.febrúar fóru 26 keppendur frá HSP, ásamt þremur fararstjórum og tveimur þjálfurum, á Stórmót ÍR. Farið var með rútu frá Fjallasýn. Með okkur í för voru keppendur UFA og tókum við þau upp í við Bogann. Ferðin suður gekk mjög vel og vorum við komin í Laugalækjarskóla, þar sem við gistum, rúmlega níu um kvöldið. Þegar búið var að koma sér fyrir fengum við okkur hressingu og svo fóru menn að undirbúa sig í svefn. Fyrstu keppendur hófu keppni um níu á laugardagsmorguninn og þeir síðustu voru að ljúka keppni um hálf sjö um kvöldið svo það var löng og ströng viðvera en keppendur okkar stóðu sig mjög vel þennan daginn, hvort sem þeir voru að keppa eða hvetja upp í stúku. Þegar búið var að næra sig á lasagna fórum við í sund að slaka á og leika okkur. Það voru ekki eins margir sem voru að keppa á sunnudeginum og þá voru hinir sem ekki voru að keppa fengnir til að aðstoða við að pakka saman og ganga frá í skólanum áður en farið var í höllina. Skemmtilegt að segja frá því að á sunnudeginum var



dagskráin brotin upp með friðarhlaupi en þetta er annað árið í röð sem Stórmót ÍR er heimsótt. Eftir stutta friðarstund var hlaupinn einn hringur á brautinni og tók HSP að sjálfsgöðu mjög virkan þátt í þessari athöfn. Friðarhlaupið er 30 ára á þessu ári. Upp úr klukkan fimm lauk mótinu og þá drifu menn sig upp í rútu og haldið heim á leið með smá hamborgarastoppi í Borgarnesi.



Alls fengu keppendur HSP fimm gull, þrjú silfur og fimm brons og voru með 36 persónulegar bætingar sem er stórglæsilegur árangur. Björg Gunnlaugsdóttir 11 ára var í 2.sæti í 60m, 1.sæti í 600m og 1.-2.sæti í hástökki. Hafþór Höskuldsson 12 ára var í 2.sæti í kúluvarpi. Heimir Ari Heimisson 15 ára var í 1.sæti í hástökki og 2.sæti í 60m grind. Jón Alexander Artúrsson 15 ára var í 1.sæti í kúluvarpi. Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir 16 ára var í 1.sæti í langstökki og 3.sæti í 60m grind. Halldór Tumi Ólason 16 ára var í 3.sæti í langstökki. Hilmir Smári Kristinsson var í 3.sæti í 800m. Eypór Kári Ingólfsson 17 ára var í 3.sæti í stangarstökki og hástökki.

### MÍ 15-22 ára

Fimmtudagsmorguninn 24. febrúar var ekkert útlit fyrir ferðaveður á föstudeginum en þá áttu 14 iðkendur, farastjórar og þjálfari bókað flugfar suður til að taka þátt í MÍ 15-22 ára í Laugardalshöll 25.-26. febrúar. Strax var farið í að tala við foreldra iðkenda og flugfélagið. Tvennt var í stöðunni, að hætta við að fara á mót eða fara af stað strax um kvöldið. Auðvitað var rétta ákvörðunin tekin. Flugfélagið vildi ekki breyta fluginu nema með miklum tilkostnaði og þá var hringt í Fjallasýn sem keyrði okkur suður og á það bestu þakkir skildar fyrir frábæra þjónustu og gott viðmót. Innan við 4 klst. liðu frá því að hringt var í Fjallasýn þangað til að við vorum lögð af stað en við lögðum af stað kl. 18 frá Húsavík. Brói þjálfari komst ekki með okkur strax vegna vinnu. Við komum til Reykjavíkur um klukkan 2 um nóttina og fórum þá beint í Þorrasali sem er verkalýðsíbúð Framsýnar í Kópavogi, en þar fengum við gistingu fyrstu nóttina. Þegar þangað var komið fórum við beint að sofa. Morguninn eftir pökkuðum við saman aftur og fengum okkur morgunmat. Á föstudagsmorgun var ljóst að ekkert yrði flogið innanlands og við því ánægð með að vera komin suður. Unnið var að því að breyta flugi fyrir Bróa, fá leyfi til að koma fyrr inn í Laugalækjarskóla með farangur og seinka töku á bílaleigubílnum. Við fórum með dótið í Laugalækjarskóla en þar héldum við til næstu tvær nætur. Við ákváðum að fara í Kringluna þar sem við fengum okkur að borða og röltum aðeins um. Fórum í Bónus til að versla í morgunmat og nesti. Ekki mátti fara með bakpoka inn í Bónus og var því einn iðkandinn látinn bíða fyrir utan með fullt af bakpokum í kringum sig á meðan hinir versluðu. Klukkan 16 vorum við búin að fá leyfi til að fara í Laugardalshöll og taka lauflétta æfingu og slípa þau atriði sem þurfti fyrir mótið. Við vorum nánast útaf fyrir okkur í höllinni enda létum við veðrið ekki stoppa okkur. Eftir æfingu fórum við í sund í Laugardalnum og svo fórum við aftur í skólann og pöntuðum KFC. Á Laugardagsmorgun þurftum við að vakna frekar snemma af því það var keppnisdagur. Ljóst var að Brói myndi ekki komast fyrr en flestir hefðu lokið keppni fyrri daginn. Var því brýnt fyrir keppendum að það hefði farið talsvert mikil vinna í að koma þeim á þetta mót og nú væri komið að þeim að sýna hvað í þeim byggi. Þau voru einnig minnt á að einbeita sér og hafa höfuðið með í keppni dagsins. Markmið fyrir mótið var sett en það var að ná 14 persónulegum bætingum samtals. Fyrri keppnisdagur byrjaði mjög vel. Jón Alexander H. Artúrsson varð Íslandsmeistari í kúlu með mikla bætingu kastaði 13,40m. Sindri Þór náði 3. sæti einnig með góða bætingu, kastaði 11,79m. Halldór Tumi og Sindri Þór hlupu sig í úrslit í 60m hlaupi. Sindri Þór náði 2. sæti með persónulega bætingu hljóp á 7,82 sek. Hilmir Smári varð einnig Íslandsmeistari í 800m hlaupi hljóp á 2:11,12 mín. Eftir fyrri dag voru strax komnar 8 persónulegar bætingar.

Eftir keppni sem kláraðist snemma var Brói kominn á bílaleigubílnum. Hann keyrði okkur í óvissuferð sem farastjórar plönuðu og var mikið um getgátur hvert ferðinni væri heitið. Við byrjuðum á því að fara í lazertag sem var mjög gaman. Eftir æsi spennandi leik fórum við í Salalaug í 10 mínútur því hún lokaði fyrr en við áttum von á. Þaðan fórum við í Smáralindina og á pizzahlaðborð á Pizza Hut. Eftir það keyptum við klukkutíma kort í Skemmtigarðinn og fengum smá víðáttubrjálæði. Á sunnudagsmorguninn vöknudum við

snemma og fengum þær fréttir eftir að allir voru komnir á ról að mótinu hefði verið frestað um 2 klst. vegna ófærðar í bænum. Mótshaldarar sendu okkur póst um að mótið yrði látið ganga hratt fyrir sig og því urðum við rólegri og vonuðum okkar besta. Fórum við því að ganga frá í skólanum, Brói komst svo á bílnum til okkar í skólann en það var ekki sjálfsagt vegna snjós. Við vorum svo heppin að maður sem býr við hliðina á skólanum var að leggja af stað á hjólaskóflu þegar Brói var að koma og stakk í gegn einn hring á planinu til að bíllinn kæmist að skólanum. Þegar við vorum komin upp í Laugardalshöll voru fáir komnir. Þar sem einn af okkar keppendum var staddur í Kópavogi fórum við að athuga hvort hann kæmist til keppni en því miður tókst það ekki vegna akstursskilyrða. Keppendur héldu nú áfram að bæta sig og varð Hilmir Smári aftur Íslandsmeistari en nú í 1500m hlaupi hljóp á 4:42,51 mín á persónulegu meti. Halldór Tumi varð 2. í langstökki á nýju persónulegu meti stökk 6,09 m. Keppni hjá okkar fólki lauk með boðhlaupi hjá piltum 16-17 ára og voru þeir grátlega nærri 3 sætinu. Alls settu keppendur okkar 15 persónulegar bætingar og náðist því markmiðið. 15 lið áttu keppendur á mótinu og endaði lið HSP í 8. sæti í heildina með 39 stig en 6 efstu sætin í hverri grein gefa stig.

Eftir mót var fyllt á bílinn og svanga maga og svo haldið út á flugvöll en við höfðum fengið tilkynningu fyrir um daginn að flugi okkar seinkaði og gátum því klárað mótið. Út á flugvelli beið okkar svo þotan Eldfell sem skilaði okkur hratt og örugglega heim eftir frábæra daga í Reykjavík. Enn og aftur sýndu iðkendur okkar flotta framkomu, hjálpuðu til við að leysa vandamál og létu aldrei neitt slá sig út af laginu enda var mottó ferðarinnar „engin vandamál, bara lausnir“.



### Marsmót

Marsmót HSP fór fram í Íþróttahöllinni á Húsavík 18. mars. Mótið hófst klukkan 13 og lauk um kaffileytið. Að þessu sinni voru um 50 keppendur sem stóðu sig mjög vel en alls voru 27 bætingar hjá þeim. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og þökkum við þeim sem aðstoðuðu okkur kærlega fyrir.

### Æfingabúðir HSP og UFA á Laugum

Sólarhringsæfingabúðir voru á Laugum 28.-29. apríl síðastliðinn og voru um 50 iðkendur sem tóku þátt í þessum búðum frá HSP og UFA sem er vel gert. Íþróttahúsið opnaði um 16:30 en iðkendum fingu að gista í íþróttasalnum. Fyrsta æfing var klukkan 17:00 og voru það Brói, Sonja Sif, Magnea Dröfn og Friðbjörn Bragi sem sáu um þá æfingu. Æfingin gekk vel þó að það hefði blásið heldur köldu á okkur en þá var nú gott að skella sér í heita pottinn á eftir. Boðið var upp á pizzur og franskar frá Dalakofanum á eftir. Systkinin Magnea og Friðbjörn sáu um nokkra hópeflisleiki eftir matinn og stóðu sig mjög vel í því. Eftir morgunmat á laugardegnum var komið að æfingu nr. 2 og voru það Brói, Sonja Sif og Kristín Kjartans

sem sáu um hana. Að henni lokinni var frágangur og næring en UFA var bara fyrri æfinguna og fór því heim að þessu loknu. Seinni æfingin var því HSP æfing með Bróa í fararbroddi. Við þökkum UFA fyrir skemmtilega samverustund, þjálfurum þökkum við fyrir þeirra framlag og Dalakofinn fær þakkir fyrir næringuna.





## MÍ 11-14 ára

Meistaramót Íslands 11-14 ára fór fram í Kópavogi 24.-25. júní. Átta keppendur fóru frá HSP. Björg Gunnlaugsdóttir 11 ára varð tvöfaldur Íslandsmeistari. Hún vann bæði 600m hlaup og hástökk. Björg varð í öðru sæti í 60m hlaupi og í langstökki.

Erla Rós Ólafsdóttir 14 ára varð Íslandsmeistari í spjótkaсти og setti um leið nýtt mótismet.

Hafþór Höskuldsson 12 ára varð í öðru sæti í spjótkaсти og Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson 14 ára varð í 3. sæti í 80m grindahlaupi.

Alls tóku 16 lið þátt í mótinu og í heildarstigakeppninni varð HSP í 6.-7. sæti með 108 stig, en 10 efstu sætin gefa stig. Allir keppendur HSP náðu í stig fyrir félagið. Persónulegar bætingar hjá okkar keppendum voru 22 talsins af 37 greinum sem þau kepptu í.

## Gautaborgarleikar

2 keppendur fóru á Gautaborgarleikana sem haldnir voru 29. júní – 1. júlí. Það voru þau Erla Rós Ólafsdóttir og Jón Alexander H. Artúrssson. Ekki er hægt að segja annað en þeim hafi gengið mjög vel en Erla Rós varð í 3.sæti í spjóti (500gr) og kastaði 36.58m. Jón Alexander varð í 6.sæti í kúlu og kastaði henni 13.70m.

## Sumarleikar

Sumarleikar Frjálsíþróttaráðs HSP fóru fram á Laugavelli 8.-9. júlí síðastliðinn. Óvenju fáir keppendur voru að þessu sinni en margt annað var um að vera þessa helgi annars staðar. Alls voru um 70 keppendur skráðir frá 4 félögum og þar af 34 keppendur frá HSP. Keppni hófst klukkan 11 á laugardaginn í blíðskaparveðri og lauk um hálf þrjú. Ekki var eins bjart yfir sunnudeginum en hann tók á mótí okkur með bleytu en þrátt fyrir það gekk keppni vel. Mótsstjórn var í höndum Gunnhildar Hinriksdóttur og þulur var Arnór Benónýsson. Alls voru 50 persónulegar bætingar hjá okkar fólki og keppendur fóru alls 112 sinnum á verðlaunapall. 45 gull, 37 silfur og 30 brons. Allir 9 ára og yngri fengu þátttökupening. Við í frjálsíþróttaráði viljum þakka öllum sjálfboðaliðum fyrir aðstoðina á mótinu, keppendum fyrir þátttökuna og öllum velunnurum fyrir stuðninginn.



## Unglingalandsmót UMFÍ

20. unglíngalandsmót UMFÍ fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Við vorum einstaklega heppin með veður þessa daga og sluppum nánast alveg við rínginguna. 35 keppendur voru frá HSP í frjálsum íþróttum og stóðu þau sig frábærlega vel. Alls voru 22 verðlaunapeningar sem skiptust í 8 gull, 5 silfur og 9 brons.

Unglingalandsmótsmeistarar voru:

Hafþór Höskuldsson, 600m hlaup og spjótkaсти 12 ára

Hilmir Smári Kristinsson 800m hlaup 16-17 ára

Heimir Ari Heimisson langstökk 15 ára

Jón Alexander H. Artúrssson kúluvarp 15 ára

Erla Rós Ólafsdóttir spjótkaсти 14 ára

Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir 100m hlaup og langstökk 16-17 ára

Silfurverðlaunahafar voru (2.sæti):

Hafþór Höskuldsson 200m hlaup og þristökk 12 ára

Auður Friðrika Arngrímsdóttir kringlukast 15 ára (keppti upp fyrir sig)

Boðhlaupssveit pílta 12 ára (Hafþór Höskuldsson, Baldvin Einarsson, Tómas Ari Sigurðsson og

Teitur Ari Sigurðsson)

Boðhlaupssveit pílta 16-17 ára (Halldór Tumi Ólason, Unnar Þór Hlynsson, Eypór Kári Ingólfsson og Benóný Arnórsson)

Bronsverðlaunahafar voru (3.sæti):

Teitur Ari Sigurðsson 60m hlaup 12 ára

Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson 800m hlaup 14 ára

Eypór Kári Ingólfsson hástökk 16-17 ára

Hafþór Höskuldsson hástökk 12 ára

Jón Alexander H. Artúrsson kringlukast 15 ára

Ari Ingólfsson spjótkast 14 ára

Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir 200m hlaup og þristökk 16-17 ára

Boðhlaupssveit pílta 14 ára (Ari Ingólfsson, Haukur Bjarni Egilsson, Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson og Hrólfur Jón Pétursson)

62 persónulegar bætingar voru hjá hópnum sem er mjög flottur árangur og má segja að meðaltali voru þau að bæta sig í 2-3 greinum hver. Keppendur og fylgjendur þeirra stóðu sig einstaklega vel, bæði innan vallar sem utan og viljum við hrósa sérstaklega fyrir líflega hvatningu úr brekkunni. Unglingalandsmótinu var svo slitið á sunnudagskvöldið með stórglæsilegri flugeldasýningu. Við viljum þakka öllum fyrir ánægjulega samveru á þessu ungingalandsmóti.



## UFA mót

Akureyrarmót UFA fór fram á Þórsvellinum helgina 12.-13. ágúst síðastliðinn. HSP átti 17 keppendur á þessu móti, þar af einn 5 ára sem keppti í þrautabraut. Alls komu 39 verðlaun í okkar hlut og 24 bætingar. Verðlaunin skiptust þannig: 21 gull, 13 silfur og 5 brons.



## Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram á Þórsvellinum á Akureyri sunnudaginn 20. ágúst. Alls voru 17 lið skráð til keppni, 9 stúlkulið og 8 strákulið. HSP átti þar 13 keppendur, 7 stelpur og 6 stráka. Strákarnir enduðu í 4. sæti með 46 stig og stelpurnar í 6. sæti með 41 stig. Í heildina varð HSP í 5.sæti með 87 stig.

## MÍ 15-22 ára

Helgina 26.-27. ágúst fóru 12 keppendur frá HSP á MÍ 15-22 ára. Farið var með rútu frá Fjallasýn og gist í Laugalækjarskóla eins og svo oft áður. Veðrið var okkur ekkert sérstaklega hliðhollt en á laugardeginum var frekar kalt, rok og rigningarsuddi. En þrátt fyrir það náðu okkar krakkar bara góðum árangri. Margir bættu sig í sínum greinum og aðrir fóru á pall. Sunnudagurinn var betri hvað veður varðar og keppendur stóðu sig vel í þeim greinum sem þau kepptu í. Alls voru keppendur frá 17 félögum og endaði HSP í 9. sæti með 46 stig sem er mjög góður árangur. Einn Íslandsmeistaratitill kom í hús hjá okkur en það var Jón

Alexander H. Artúrsson sem vann kúluvarpið í flokki 15 ára pílta. Í heildina fengum við 8 verðlaun, 1 gull, 3 silfur og 4 brons.

### Silfurleikar ÍR

Silfurleikar ÍR fóru fram í Laugardalshöll 18. nóvember. HSP átti þar 5 keppendur. Þau stóðu sig vel og voru með 7 persónulegar bætingar eftir þetta mót.

### Nóvembermót HSP

Nóvembermót frjálsíþróttaráðs HSP fór fram á Laugum 26. nóvember. Rúmlega 30 keppendur mættu og var meirihlutinn yngri iðkendur sem var mjög ánægjulegt og þó nokkuð margir komu alla leið frá Þórshöfn til að taka þátt í þessu með okkur. Mótið gekk vel fyrir sig og allir stóðu sig vel. Að loknu móti fengu allir þátttökupening. Á hverju ári veitum við bikar fyrir stigahæsta einstakling innan HSP, bæði í karla og kvennaflokki. Eftir að móti lauk afhentum við þessa bikara og það voru þau Erla Rós Ólafsdóttir og Jón Alexander H. Artúrsson sem hlutu titilinn að þessu sinni. Erla Rós kastaði 400 gr. spjóti 38,66m á MÍ 11-14 ára í Reykjavík í júní en fyrir það fékk hún 967 stig. Jón Alexander kastaði 600 gr. spjóti 43,51m á Gautaborgarleikunum í júní. Erla Rós og Jón Alexander urðu einnig í 2. sæti en Björg Gunnlaugsdóttir var í 3. sæti hjá stúlkum og Halldór Tumi Ólason varð í 3. sæti hjá strákum.



### Minningarmót Ólivers

Minningarmót Ólivers fór fram í Boganum 2. desember. HSP átti 8 keppendur á þessu móti. Alls komu 12 verðlaun í hús, 4 gull, 6 silfur og 2 brons og 11 persónulegar bætingar. Það má geta þess að UFA var færð minningargjöf frá okkur vegna fráfalls Ólivers en hann var einn af efnilegri keppendum þeirra. Þau fengu nuddrúllu sem mun eflaust nýtast iðkendum UFA mjög vel.

Það er heilmikil vinna sem býr að baki öllum þessum mótum. Það þarf að skrá keppendur, finna viðeigandi ferðamáta, gistingu, hugsa út í mat og nesti og halda utan um keppendur. Þó nokkrar breytingar urðu á stjórn ráðsins á árinu. Nokkrir hættu í ráðinu og aðrir komu inn. Mesta breytingin er samt sú að Hulda Elín hætti sem formaður og inn komu Guðrún Þórhallsdóttir og Svanhildur Kristjánsdóttir. Við viljum þakka Huldu sérstaklega vel fyrir þau störf sem hún hefur unnið fyrir ráðið síðustu ár.

F.h. Frjálsíþróttaráðs, María Sigurðardóttir



## Sundnefnd HSP 2017

Sundárið byrjaði með hefðbundnu sniði, æfingar eru í boði bæði á Laugum 2x í viku og á Húsavík 2x í viku fyrir yngri hóp en eldri hópurinn æfir allt að 4x í viku.

Móttin sem við fórum á eru: KR-mót í Reykjavík í febrúar, Páskamót á Húsavík í mars, Akranesleikarnir í júní, A.M.Í. í júní í Reykjavík, 17 júnímót á Húsavík, Sprengimót Óðins á Akureyri í september, Extramót SH í Hafnarfirði í október, Héraðsmót HSP á Laugum í október.

Hvatningarverðlaun Völsungs hlutu þau Elsa Dögg Stefánsdóttir og Styrmir Franz Snorrason og hvatningarverðlaun HSP hlaut Dagbjört Lilja Daníelsdóttir.

Fjórir frá Völsungi kepptu í sundi á Unglingalandsmóttinu sem fram fór á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina og fengu samtals 4 brons 1 silfur og 2 gull. Boðsundssveit frá HSP fékk líka 1 silfur og 1 brons.

Í júní buðum við upp á leikskólasund eins og við höfðum gert árið áður og tóku 40 börn þátt í því.

Haustið byrjaði á svipuðum nóttum, héraðsmótið okkar var haldið laugardaginn 21. okt. Þar tóku 25 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Mývetningi og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Dagbjört Lilja Daníelsdóttir frá Völsungi og í karlaflokki var það Styrmir Franz Snorrason frá Geisla sem var stigahæstur.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 7 nóv., þar mættu foreldrar og börn, rúmlega 50 manns, borðuðu saman Pizzu og skemmtu sér ásamt þjálfurum sínum. Þjálfarar eru: Árný Björnsdóttir, Valgerður Jósefsdóttir, Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir og Henný Birgitta Kristjánsdóttir.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Valgerður Jósefsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir.

Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundnefndar HSP,  
Elísabet Sigurðardóttir

## Aksturssjóður HSP

Tilgangur aksturssjóðs er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglunga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttaæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP, sjá reglugerð á heimasíðu HSP. Aksturssjóður setti sér viðmiðunarreglu, kr. 15,- á hvern ekinn kílómetra. Sjóðsstjórn gerði þá tillögu að lækka akstursviðmið þannig að akstursleiðin Mývatnssveit-Laugar, Húsavík-Laugar félli innan reglugerðarinnar þannig að hvati myndaðist að því að keyra börn m.a. á sundæfingar frá þéttbýlisstöðum sem ekki hafa 25m laug. Aðeins ein umsókn barst í sjóðinn á árinu 2017 og var hún samþykkt.

Úthlutun 2017: Aron Dagur Ottósson kr. 11.400,-

## Afreksmannasjóður HSP 2017

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni. Stjórn Afreksmannasjóðs samþykkti tvær umsóknir á árinu 2017. Ákveðið var að styrkja glímumennina Einar Eypórsson og Pétur Þóri Gunnarsson vegna þess að þeir voru valdir til þátttöku fyrir Íslands hönd á fangbragðamót í Austurríki á árinu.

Ákveðið var að styrkja hvorn um sig um 100.000 krónur.

## Fræðslusjóður HSP 2017

Stjórn HSP annast úthlutun úr fræðslusjóði HSP sem hefur þann tilgang að stuðla að aukinni menntun og þekkingu félaga innan HSP með því að styrkja þá til þess að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótta- og félagslífi í héraðinu til framdráttar. Auglýst var þrisvar sinnum árið 2017, í apríl, júlí og nóvember. Aðeins ein umsókn barst í sjóðinn á sl. ári og var hún samþykkt.

Úthlutun 2017: Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Þjálfaramenntun ÍSÍ, Þjálfari 1 kr. 25.000,-

# Starfsskýrslur aðildarfélaga HSB

## Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2017

### **Virk aðildarfélög:**

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar  
Golfklúbbur Húsavíkur  
Golfklúbbur Mývatnssveitar  
Golfklúbburinn Hvammur  
Golfklúbburinn Lundur  
Hestamannafélagið Feykir  
Hestamannafélagið Grani  
Hestamannafélagið Snæfaxi  
Hestamannafélagið Þjálfí  
Íþróttafélagið Magni  
Íþróttafélagið Völsungur  
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag  
Skákfélagið Huginn  
Skotfélag Húsavíkur  
Ungmennafélagið Austri  
Ungmennafélagið Bjarmi  
Ungmennafélagið Efling  
Ungmennafélagið Einingin  
Ungmennafélagið Gaman og alvara  
Ungmennafélagið Geisli  
Ungmennafélag Langnesinga  
Ungmennafélagið Leifur heppni

### **Óvirk aðildarfélög:**

Boltafélag Húsavíkur  
Golfklúbburinn Gljúfri  
Íþróttafélag Laugaskóla  
Ungmennafélagið Afturelding  
Ungmennafélag Bakkafjarðar  
Ungmennafélag Reykhverfunga  
Ungmennafélagið Snörtur  
Ungmennafélag Tjörnesinga  
Ungmennafélag Öxfirðinga

## Akstursípróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2017 var ekki mjög viðburðarríkt hjá félaginu. Við héldum því miður engin mót, og ekki var mikið um að félagsmenn okkar væru að keppa á mótum. Við áttum einungis einn fulltrúa á móti í sumar en það var Steingrímur Kristjánsson, en hann keppti á enduro-cross móti í Keflavík í sumar og lenti í 10. Sæti af 20 keppendum.

Á seinasta aðalfundi AMS varð smá endurnýjun í stjórninni, Guðjón Vésteins-son tók við starfi gjaldkera, og Anton Freyr Birgisson tók að sér að vera ritari/ varaformaður, sjálfur er ég Júlíus áfram formaður klúbbsins.

Aðalfundur AMS verður haldinn þann 14. Mars næstkomandi og vonum við eftir góðri mætingu til að kjósa í stjórn og móta stefnu félagsins og vonandi verður árið 2018 líflegra heldur en 2017 var. Með nýrri og yngri stjórn hef ég fulla trú á að okkur muni takast það.



Steingrímur Kristjánsson í keppni í Keflavík sumarið 2017

Júlíus G. Björnsson, formaður

## Golfklúbbur Húsavíkur

Starfsárið 2017 var gott enda kom Katlavöllur vel undan vetri. Vallarstjóri er Sigurður Hreinsson og voru 2 sumarstarmenn á vellinum.

Stjórn klúbbsins skipa; Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður, ásamt Karli Hannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Jóhönnu Guðjónsdóttur, Björgu Jónsdóttur, Birnu Dögg Magnúsdóttur og Ragnari Emilssyni, sem jafnframt er formaður valla-nefndar klúbbsins. Stjórn fundaði a.m.k. einu sinni í mánuði, tvisvar í mánuði yfir sumartímann og oftast ef þurfa þótti.

Starfið í klúbbum var með svipuðu sniði og undanfarin ár og varð eilítil fjölgun klúbbsfélaga. Nokkuð var um framkvæmdir á vellinum; áframhaldandi uppbygging á vökvunarbúnaði og minniháttar nýframkvæmdir. Nýliðum var boðin kennsla. Spiluð eru sérstök karla- og konukvöld sem gafst vel, sérstaklega þegar lítið er til þess að efla félagsandann. Tilgangurinn er félagslegur en keppni um leið enda keppt með ólíkum hætti í hvert sinn.

Barna- og ungliðanefnd stóð fyrir starfi í sumar og um tíu iðkendur lögðu kapp á golfið í sumar, fengu kennslu og haldið var sérstakt barna- og unglíngamót með uppskeruhátíð. Agnar Daði Kristjánsson þjálfar börnin og unglíngana en það er mikilvægt að leggja rækt við barna- og unglíngastarfið. Hann þjálfaði hóp ungmenna í golfi sem vonandi skila sér í klúbbin.

Alls fóru átta mót fram á vellinum, bæði innanfélagsmót sem og opin mót. Þátttaka var með svipuðu sniði og verið hefur.

Rekstur vallarins er viðkvæmur. Rík viðhaldspörf er á tækjum en unnið var eftir endurbótaáætlun á tækjakosti klúbbsins. Ljóst var að fjárfestingarpörf er nokkur en bolmagnið ekki nægilegt fyrir stærri fjárfestingar sem frestuðust því enn eitt árið. Áfram var unnið að því að fjölga styrktaraðilum við klúbbin og betur má ef duga skal.

Það er veikleiki í starfi klúbbsins að starfið innan hans leggst að mestu af yfir vetrarmánuðina. Líður í að koma í veg fyrir þetta voru kaup á golfhermi en finna þarf hentugt húsnæði fyrir hann. Hann er nú staðsettur í gömlu Síldarverkmiðjunum á hafnarsvæðinu en lítið notaður. Áfram unnið að því að efla vetrarstarfið þannig að klúbburinn sér heilsársafþreying.

Klúbburinn fagnaði 50 ára afmæli á árinu og því slegið upp veislu, gestum og gangandi boðið upp á





veitingar og prófa sig áfram í golfinu.

Samþykkt var á félagsfundum að hefja vinnu við uppbyggingaráform á nýju húsnæði fyrir starfsemi klúbbsins norðan við Þorvaldsstaðará. Unnið er að því markmiði í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing.

Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður

## Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2017:

Formaður: Kristján Stefánsson

Gjaldkeri: Guðjón Vésteinsson

Ritari: Ellert Rúnar Finnbogason

Varamenn: Hinrik Árni Bóasson, Ellert Hauksson

Skoðunarmenn reikn. Finnur Baldursson, Steingrímur Jóhannesson



Aðrir embættismenn.

Form. vallarnefndar Sigurður Baldursson

Form. mótanefndar Hinrik Geir Jónsson

Form. forgj. nefndar Kristján Stefánsson

Sumarið 2017 var ágætt og var gestafjöldi svipaður og á liðnum árum. Mótahald var svipað, eitt opið mót þ.e. Golf og Gufa, og voru þáttakendur 36 að þessu sinni. Tvö innanfélagsmót, firmakeppni en þar voru 26 firma skráð og meistaramót með 7 þátttakendum. Mörg fyrirtæki styrkja okkur með verðlaunum í Golf og Gufu og þátttöku í firmakeppninni og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Í sumar vorum við með starfsmann sem sá um mest allan slátt og gekk það vel. 3. flötin var sléttuð og sáð í hana, síðan var breiddur yfir hana dúkur. Ekki voru veðurguðirnir ánægðir með þessa framkvæmd svo þeir feyktu þessu öllu af bæði dúk og fræi. Þá var ákveðið að fá sérstakar grínþökur sunnan af landi og komu þær í rúllum og voru settar á 3. flötina og einnig var 5. flötin stækkuð talsvert. Nú bíða menn spenntir eftir að sjá hvernig þessum sunnlensku þökum reiðir af eftir veturinn.

Eitthvað var unnið við hús og vélar eins og gengur en enn er eftir að ganga frá eldhúsi og pöllum við húsið.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum og öðrum félögum fyrir samstarfið á árinu og vona að árið 2018 verði gott fyrir GKM.

Kristján Stefánsson, formaður

## Golfklúbburinn Hvammur

Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Barna- og unglíngastarf var sambærilegt og fyrri ár en ljóst er að leggja verður áherslu á að auka nýliðun hvað það varðar. Engin mót voru haldin á árinu, sem er miður, og verður vonandi meira um mótahald á yfirstandandi ár, a.m.k. verða mótin ekki færri.

Ástand golfvallar klúbbsins var nokkuð gott síðari hluta sumarsins. Óvenju mikil spretta snemma sumars skapaði ákveðin vandkvæði þ.e.a.s. ekki var hægt að hefja hirðingu vallarins fyrr en í júníbyrjun. Klúbburinn keypti þjónustu af GA varðandi hirðingu síðasta sumar og var þ.a.l. ekki með starfsmann á eigin vegum. Ætlunin er að halda þessu samstarfi áfram enda menn orðnir reynslunni ríkari og með þessu móti er rekstraröryggi klúbbsins betur tryggt.

Rekstur klúbbsins var annars í þökkalegu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áfram verður unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar eftir því sem fjárhagur leyfir. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfböðavinnu af hálfu



nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað. Aftur á móti er það vissulega áhyggjuefni á hversu fárra herðum starfsemin hvílir en það vandamál er því miður raunin allt of víða hvað félagsstarfsemi varðar.

Jón Helgi Pétursson, formaður

## Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2017 er áttunda starfsár golfklúbbsins. Megin starfssemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar er alfarið í höndum Golfklúbbs Akureyrar, en golfskálinn Stekkur er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu með GA. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannhald er á vegum klúbbsins.

Laugardaginn 4. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 74 félagsmenn þar af eru 30 með fulla aðild og 44 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 22 konur og 52 karl.

### Mótahald

Lundsvöllur kom vel undan vetrinum og var hann opnaður í 27. maí. Alls hélt klúbburinn 6 mót á árinu. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 3. júní og var það innanfélagsmót, spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þátttakendur voru 10. Þann 30. júlí, var lopapeysumót kvenna sem er 18 holu punktakeppni. Í það mót mættu 28 konur. Þann 6. ágúst var opið mót sem bar heitið Coca-Cola-verslunarmannahelgin, þar mættu 24 til leiks og spilað var 9 holu punktakeppni með forgjöf. 3. sept. var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það mót mættu 22 til leiks. Í ár var mótið einnig opið félögum í GA, spilað var 18 holu högggleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2017 varð Sigurður Samúelsson á 81 höggi og meistari kvenna varð Halla Sif Svavarsdóttir á 88 höggum. Þann 16 sept. var klúbburinn fengin til að halda utan um mót fyrir Oddfellow stúkur á Akureyri, fjöldi sem spilaði var 31. Haustmót GLF var síðan haldið 17. sept, og mættu 12 í það mót.

Engin kennsla var á árinu 2017.

Pétur Ringsted, formaður

## Hestamannafélagið Feykir

Starf Hestamannafélags Feykis var með besta móti í ár samanborið við síðustu ár. Stendur þar hæst Eyjadalsmótið sem haldið var laugardaginn 1. júlí 2017 í samstarfi við Snæfæxa. Þetta var löglegt gæðingamót þar sem keppt var í A-flokk, B-flokk, T7, T1, barnaflokk og unglingsflokk. Slíkt mót hefur ekki verið haldið í Eyjadal í mörg ár og var þáttakan alveg til fyrirmyndar og mótshald allt. Það komu keppendur frá Egilsstöðum og Akureyri og að sjálfsögðu frá nærsveitum hér í kring. Einnig buðu kvenfélagskonur Öxfirðinga og Báran á Þórshöfn uppá mat til sölu. Veðrið var ljómandi og býsna mikið af áhorfendum. Stefnan er svo tekin á að halda svona mót annað hvert ár.

Þann 5. Mars 2017 var aðalfundur félagsins haldinn og var Baldur Stefánsson kosinn í stjórn í stað Kristínar Gunnarsdóttur. Ákveðið var að halda löglegt mót í Eyjadal í samstarfi við Snæfæxa sumarið 2017, sem gekk eftir eins og fyrr sagði.

Þann 1. mars 2017 var svo hin árlega Firmakeppni félagsins haldin á Kópaskeri í slydduveðri þar sem keppt var í opnum flokki, unghrossaflokki og haldin folaldasýning í Feykishöllinni. Þáttakan var prýðisgóð en lítið var um þátttöku í folaldasýningu nema frá ræktunarbúinu á Bjarnastöðum sem sópaði að sér öllum verðlaunum. Það var boðið upp á súpu og kaffi að mótinu loknu. Mjög gott ár og vonandi verða þau fleiri svona.

F.h. stjórnar, Salbjörg Matthíasdóttir



## Hestamannafélagið Grani

Starfsárið 2017 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Granafélagar sáu um Ísmót á Mývatni í mars í samstarfi við Hestamannafélagið Þjálf, haldin var firmakeppni í byrjun júní þar sem þátttaka var góð og skemmtileg stemning að venju. Keppnisfólk úr félaginu tók þátt í nokkrum mótum á árinu. M.a. sigraði Vignir Sigurólason mótaröð í keppni áhugamanna á Akureyri síðastliðinn vetur og fleiri Granamenn stóðu sig vel. Hryssan Hekla frá Akureyri í eigu félagsmanns Grana tók þátt í heimsmeistaramóti Íslenska hestsins í Hollandi í ágúst og náði 3. sæti í 100m skeiði.

Granafélagar stóðu að nokkrum fjáröflunum fyrir starfið og rekstur Reiðhóllarinnar. T.d. var haldin veisla í febrúar þar sem boðið var upp á sigin fisk og rúgbrauð, haldið var Jólalabingó og svo sáu Granamenn um undirbúning og gæslu á stórdansleik sem haldin var í reiðhöllinni í tengslum við Mærudaga sumarið 2017.

Æskulýðsstarfið var öflugt og voru haldin nokkur reiðnámskeið á árinu ásamt því að ungmenni frá félaginu tóku þátt í sýningunni Æskan og hesturinn í apríl.

Stjórn Grana skipa nú: Bjarki Helgason, Jón Ólafur Sigfússon, Karin Gerhartl, Stefán Haraldsson og Einar Víðir Einarsson.



GRANI  
H Ú S A V Í K

F.h. stjórnar, Bjarki Helgason

## Hestamannafélagið Snæfaxi

### Febrúar:

Aðalfundur félagsins var haldinn fimmtudaginn 2. febrúar. Venjuleg aðalfundar störf. Kosin í stjórn voru þau: Eggert Stefánsson, Gísli Jónsson, Jóhannes Sigfússon, Katharina Winter og Steinunn Anna Halldórsdóttir. Nokkru síðar funduðu ný kjörnir stjórnarmenn og skiptu með sér verkum. Jóhannes er formaður, Katharina ritar, Steinunn gjaldkeri og Eggert og Gísli meðstjórnendur.

### Mars:

Farið í samstarf við Grunnskólann á Þórshöfn þar sem Snæfaxi býður nemendum skólans á hestbak með leiðsögn í reiðhöllinni á Gunnarsstöðum.

### Apríl:

Reiðnámskeið fyrir alla aldurshópa (einkatímar) með Artemisiu Bertus reiðkennara frá Háskólanum á Hólum. Námskeiðið byrjaði á stuttum fyrirlestri föstudagskvöldið 7. apríl. Laugardaginn 8. apríl og sunnudaginn 9. apríl var verkleg einkakennsla þar sem hver nemandi kom með sinn hest.

### Maí:

Vormót Snæfaxes var haldið 1. maí á gamla Flugvellinum á Sauðanesi. Keppt var í barnaflokki/unglingaflokki, tölti (opnum flokki) og unghrossaflokki. Dómari var Jón Þorberg Steindórsson.

### Júní:

Félagsmenn fóru ríðandi með rekstur af Langanesi, úr Þistilfirði yfir í Öxarfjörð. Ferðinni heitið á hestamót í Eyjadal í Ásbyrgi.

### Júlí:

Hestamannafélagin Snæfaxi og Feykir heldu löggilt opið gæðingamót í Eyjadal við Ásbyrgi laugardaginn 2. júlí. Keppt var í : A-flokki, B-flokki, Tölti – opnun flokki, Tölti - áhugamannaflokki, 100m skeiði, Barna-, unglunga- og ungmennaflokki. Dómarar voru þau, Erla Guðný Gylfadóttir, Ólöf Guðmundsdóttir og Guðmundur Þór Elíasson. Mótið tókst mjög vel og fóru allir sáttir og glaðir heim.

### Ágúst:

Félagsmenn fóru ríðandi með rekstur á Lönguhlíðarmela. Ferðinni heitið á firmakeppni Snæfaxes sem haldin var á mótssvæði félagsins að Lönguhlíðarmelum í Þistilfirði sunnudaginn 20. ágúst. Keppt var í barna og fullorðins flokki. Safnað var firmum frá 19 fyrirtækjum, hver firma kostaði 3000,- kr. og voru frjáls framlög frá fyrirtækjunum. Eftir keppnina riðu félagsmenn saman með reksturinn í Gunnarsstaði þar sem borðað var saman.

Fh. stjórnar, Steinunn Anna



## Hestamannafélagið Þjálfí 2017

Starf félagsins var með hefðbundnu sniði þetta starfsár sem önnur. Félagið hélt þrjú mót á árinu, Stórmót Þjálfá var haldið að venju helgina eftir verslunarmannahelgi og heppnaðist vel, þó nokkrir sáu sér fært að koma í brekkuna og fylgjast með góðu móti þar sem 120 skráningar voru til keppni, veður var gott og allt gekk eins og best verður kosið.

Einnig héldum við Firmakeppni og var það skemmtileg keppni sem heppnaðist að öllu leiti vel. Mývatn Open var haldið í Mars í blíðskaparveðri og voru mættir margir góðir knapar og einnig þó nokkuð af áhorfendum.

Haldin voru námskeið og fyrirlestur á vegum æskulýðsdeilda Þjálfá og Grana í Bústólpahöllinni okkar og voru þau námskeið vel sótt.

Æskulýðsdeildirnar fóru vestur í Skagafjörð á Æskan og Hesturinn. Að þessu sinni var ekki farið með hross heldur eingöngu til að hafa gaman af og njóta.



Jón Sverrir Sigtryggsson, formaður

## Íþróttafélagið Magni

Íþróttastarf Magna var með hefðbundnu sniði. Fótbolti er aðal íþróttgreinin að venju. Magni rekur mjög öflugt barnastarf og kappkostar að veita öllum iðkendum verkefni við hæfi. Erum með sterkt foreldrafélag og mjög hæfan þjálfara sem tók við á haustdögum. Margir þessara krakka æfa svo með Akureyrarfélögunum, Þór og KA líka. Meistaraflokkur félagsins gerði sér lítið fyrir og tryggði sér sæti í næst efstu deild (Inkassodeildin) að ári. Magni hefur einu sinni áður leikið í næst efstu deild, en það gerðist fyrir rétt tæpum 40 árum! Mikill hugur er í mönnum á Grenivík og hefur gengið mjög vel að fjármagna stafið, enda höfum við getað leitað til sterkra fyrirtækja sem hafa tekið



Lið Magna verður með í Inkassodeildinni árið 2018

okkur mjög vel. Svo er það nú einu sinni þannig að með eftirtektarverðum árangri þá er auðveldara að safna peningum. Svo er það ljóst að sýnt verður frá leikjum Magna í sjónvarpinu í sumar. Jú dó er íþróttgrein sem hefur verið stunduð á Grenivík um nokkurra ára skeið með góðum árangri. Við höfum fengið þjálfara frá Akureyri sem hefur stýrt æfingum. Þessi íþróttgrein virðist vera komin til að vera hér og er það vel. Á undanförunum árum hefur verið reynt að halda úti æfingum bæði í frjálsum og fimleikum, en það hefur ávallt fjarað út, aðallega vegna þjálfaramála og aðstöðuleysis. Nokkrir krakkar eru á

fimleikaæfingum á Akureyri og skautaæfingum líka. Og eigum við mjög frambærilega krakka í báðum greinum.

Íþróttafélagið Magni er kannski ekki stórt félag, en félagið er með stórt hjarta og mikil samstaða meðal fólks að halda úti íþróttastarfi. Nú á vordögum verður ráðist í þá framkvæmd að byggja aðstöðuhús uppi á gamla malarvellingum sem verður algjör bylting fyrir félagið. Þar verða búningsklefar, sturtur, geymslur og fundaraðstaða. Draumur okkar allra orðinn að veruleika, að koma öllu því sem snertir félagið undir sama þak, en hlutir tengdir félaginu hafa legið út um allan bæ í geymslum. Það ríkir bjartsýni í félaginu og til að sveitarfélag geti þrífist þá þarf að halda úti góðu íþróttalífi.

Þorsteinn Þormóðsson, Formaður.

## Íþróttafélagið Völsungur

### Aðalstjórn Völsungs

Aðalfundur Völsungs var haldinn í júní og urðu tvær breytingar á stjórninni. Már Höskuldsson og Berglind Jóna Þorláksdóttir gáfu ekki kost á sér en Áslaug Guðmundsdóttir og Daníel Borgþórsson komu ný inn í stjórnina. Við bjóðum þau velkomin til starfa um leið og við þökkum Berglinni og Má fyrir þeirra störf fyrir félagið. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Rannveig Þórðardóttir ritari, Heiðar Hrafn Halldórsson og Daníel Borgþórsson meðstjórnendur, Víðir Svansson og Áslaug Guðmundsdóttir varamenn. Í haust tók nýr framkvæmdastjóri til starfa, Þorsteinn Marinósson eftir að Guðmundur Friðbjarnarson hætti störfum. Guðmundi eru þökkuð vel unnin störf fyrir félagið um leið og við bjóðum Þorstein og fjölskyldu velkomna til Húsavíkur. Völsungur fagnaði 90 ára afmæli á árinu og var haldin stór og góð veisla á Fosshótel á sjálfan afmælisdaginn 12. apríl, við gáfum út afmælisrit, og opnuðum sýningu í Safnahúsinu.



Aðalstjórn verðlaunaði íþróttafólk sitt við hátíðlega athöfn 27. desember, veitt voru hvatningarverðlaun, Íslandsmeistarar voru heiðraðir, Guðmundur Óli Steingrímsson fékk viðurkenningu fyrir að hafa náð að spila 100 leiki fyrir meistaraflokk félagsins. Trésmiðjan Rein fékk viðurkenningu fyrir öflugan og góðan stuðning við félagið og tók Sigmar Stefánsson við viðurkenningunni. Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2017 eru Guðmundur Óli Steingrímsson knattspyrnumaður og Anna Halldóra Ágústsdóttir hlaupakona. Við þetta tilefni heiðruðum við þrjá einstaklinga með silfurmerki félagsins þau Friðriku Guðjónsdóttur, Unni Guðjónsdóttur og Þorgrím Aðalgeirsson. Einnig heiðruðum við fjóra einstaklinga með gullmerki félagsins þau Má Höskuldsson, Lindu Margréti Baldursdóttur, Gísli Vigfússon og Jóhönnu Guðjónsdóttur.

Aðalstjórn rekur vellina og er með sumarskóla fyrir börn í sex vikur á sumrin, Sladjana Smiljanic var umsjónarmaður sumarskólans. Við höldum úti öflugri heima- og facebókarsíðu þar sem helstu fréttir eru birtar af starfi félagsins.

Aðalstjórn hefur einnig yfirumsjón með þrettándanum, 17 júní, að kveikja á jólatrénu og áramótabrennunni.

### Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Um 40 krakkar á aldrinum 3-5 ára mæta á laugardögum í skemmtilega hreyfingu. Nýir stjórnendur tók við skólanum í haust Ísak Már Aðalsteinsson og Guðrún Einarsdóttir en Áslaug Guðmundsdóttir og Unnar Þór Garðarsson hættu með íþróttaskólann vorið 2017. Reynt hefur verið að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra.

### Fimleikar

Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika tvisvar til þrisvar í viku í fjórum hópum. Fjöldi iðkenda hefur verið svipaður og undanfarin ár, milli 50-60 krakkar. Haustið 2017 voru 30 ár frá því að Guðrún Kristinsdóttir stofnaði Fimleikadeild Völsungs.





### Handknattleikur

Síðastliðið ár hafa verið þrjú flokkar starfandi, 4, 7 og 8 flokkur en iðkendum fer fækkandi og á handboltinn undir högg að sækja. Keppt var í Íslandsmóttinu í 4. flokki og stóðu drengirnir sig vel. Í apríl var haldið mót fyrir 7. og 8. flokk í tilefni 90 ára afmælis Völsungs skemmtilegt og gott mót sem allir höfðu gaman af.

### Blak

Árið 2017 hefur verið viðburðarríkt og skemmtilegt í starfi blakdeildar. Öldungablakið þar sem blakarar 30 ára og eldri æfa að kappi, barna- og unglíngastarfið sem hefur vaxið mikið á árinu og annað árið í röð tók meistaraflokkur kvenna þátt í efstu deild.

Árið byrjaði með Nýársmóti Völsungs sem er árviss viðburður með þátttöku liða af Norður- og Austurlandi. Tekið var þátt í mörgum hraðmótum og endað á Öldungamóti BLÍ í Mosfellsbæ þar sem Völsungur mætti með fimm kvennalið og tvö karlalið sem stóðu sig vel að vanda. Yngri flokkarnir tóku þátt í Íslandsmóti og bikarmóti og stóðu sig mjög vel og náðu verðlaunasætum í öllum flokkum. Kvennaliðið tekur þátt í Mizunodeildinni en liðið er byggt upp á mjög blönduðum hópi, gömlum reynsluboltum og ungum og efnilegum stelpum.



### Boccia

Starfsemi bocciadeildar hefur verið með hefðbundnu sniði eins og undanfarin ár. Fyrsta mót ársins er að venju Opna Húsavíkurmótið, það 28. frá upphafi og er orðinn fastur liður í starfseminni með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda. Þá mætir bocciadeild Völsungs með öflug lið á Íslandsmót og Hængsmót. Völsungur sá svo um Íslandsmótið í einstaklingskeppni í samvinnu við ÍF, þetta var stórt og mikið mót sem tókst í alla staði mjög vel.

### Bandy

Ný deild sem var stofnuð á árinu og eru iðkendur um 25. Bandydeildin hefur fengið kylfur og annan búnað frá Íþróttasjóði ríkisins. Öflug deild sem hefur stóra drauma.



### Sund

Sundæfingar eru stundaðar bæði á Laugum og á Húsavík. Móttin sem farið var á eru KR í Reykjavík, páskamót á Húsavík, Akranesleikarnir og A.M.Í. Sunddeildin býður upp á leikskólasund og tóku um 50 krakkar þátt að þessu sinni.

### Skíðaganga

Skíðagönguvertíðin hófst um miðjan janúar, þrátt fyrir snjóléttan vetur tókst að halda góðri göngubraut á heiðinni alveg fram í maí. Ekki tókst að halda Íslandsgönguna vegna veðurs. Húsvíkingar áttu svo nokkra krakka sem tóku þátt í Andrésar Andar leikunum á Akureyri með góðum árangri.

### Bardagaíþróttir

Árið byrjaði vel, um 20 iðkendur æfa í tveimur flokkur eldri og yngri. Árið gekk vel hjá deildinni og eru beltaprófin haldin tvisvar á ári og er deildin komin með nokkra einstaklinga sem eru farnir að kenna.

### Knattspyrna

**Meistaraflokkar:** Völsungur heldur úti meistaraflokkum í bæði karla- og kvennaflokki, það skiptir miklu máli fyrir allt yngri flokka starf að það séu starfræktir meistaraflokkar. Meistaraflokkur karla byrjaði árið á að spila í Kjarnafæðismóttinu og endaði í þriðja sæti. Liðið tapaði ekki leik í Lengjubikarnum fyrr en í undanúrslitunum. Íslandsmótið byrjaði með góðum sigri á Aftureldingu. Liðið náði ekki almennilegu rönni í leikjunum í sumar og datt liðið út í 32 liða úrslitum í bikar-



keppninni. Spilamennskan var oft á tíðum góð og skoraði liðið flest mörk allra liða í efstu fjórum deildunum og áttum við markahæsta leikmanninn Sæþór Olgeirsson en hann skoraði 23 mörk.

Sumarið hjá 2. flokk var gjöfult og gott og unnu þeir sig upp um deild.

Ákveðið var að fara í rötækar breytingar hjá meistaraflokki kvenna, ákveðið að blása til sóknar og ráð hina bandarísku Kaylu Grimsley sem spilandi þjálfara og með henni kom Kristina Corona sem var henni til aðstoðar. Jónas Halldór Friðriksson sá um þjálfun liðsins þar til þær stöllur mættu á svæðið í apríl. Sumarið var gott og leikmannahópurinn stóð undir væntingum og liðið var í baráttu um að komast í 1. deild allt þar til tvær umferðir voru eftir. Kayla og Kristina urðu að hverfa frá af persónulegum ástæðum í byrjun ágúst og þá tók Jónas Halldór aftur til starfa. Á haustdögum var gerður tveggja ára samningur við John Andrews og mun hann sinna kvennaliðinu ásamt því að þjálfar yngri flokka og sjá um styrktarþjálfun.

**Yngri flokkar knattspyrnu:** Barna- og unglingaráð heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs. Félagið er vel mannað af reyndum og vel menntuðum þjálfurum. Félagið heldur úti flokkum frá 8. – 2. flokks og taka elstu flokkarnir þátt í Íslandsmóti auk þess sem allir flokkar tóku þátt í ýmsum mótum sem í boði voru. Fjórir flokkarnir fóru og kepptu á Rey-cup alþjóðlegu knattspyrnumóti í Reykjavík og komust bæði liðin í úrslitakeppnina og stóðu sig mjög vel þar sem stelpurnar urðu í sjötta sæti en strákararnir í 5. – 6. sæti. 5.flokkur kvenna fór og tók þátt í Síamótinu í Kópavogi og komu með bikar heim. Strákarnir tóku þátt í N1 mótinu og stóðu sig vel.



Að lokum vil ég þakka Norðurþingi, öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum er styrkja félagið á einn eða annan hátt. Einnig þakka ég foreldrum, þjálfurum, stjórnarmönnum allra deilda, aðalstjórn félagsins og bókara ásamt framkvæmdastjóra félagsins fyrir þeirra störf fyrir félagið.

Guðrún Kristinsdóttir, formaður



## Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótin voru skráðir félagar í Mývetningi 198 og megum við vera stolt af þessum fjölda í ekki stærra sveitarfélagi. Í stjórn félagsins sátu Sigurbjörn Reynir Björgvinsson (formaður), Jóhanna Jóhannesdóttir (gjaldkeri), Soffía Kristín Björnsdóttir (ritari), Arnheiður Rán Almarsdóttir og Alma Dröfn Benediktsdóttir (meðstjórnendur). Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Davíð Baldvinsson eru varamenn. Haldnir voru 7 stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar. Í janúar til maí vorum við með íþróttæfingar fyrir grunn-skólanemendur en boðið var upp á fótboltaæfingar fyrir eldri nemendur einu sinni í viku og blandaðar boltaíþróttir fyrir yngri nemendur einu sinni í viku sem Jóhanna Jóhannesdóttir þjálfaði. Boðið var upp á krakkablað einu sinni í viku sem Soffía Kristín Björnsdóttir þjálfaði en það féll niður vegna slakrar mætingar og var þá tíminn nýttur í byrjendablað í staðinn sem blakkonur Mývetnings sáu um að þjálfar. Í mars byrjaðu svo tímar í krakkazumba sem Ingibjörg Helga Jónsdóttir þjálfaði en fyrr um veturinn sótti hún þjálfararéttindi í krakkazumba og Mývetningur styrkti hana um námskeiðisgjaldið. Jafnframt héldum við áfram samstarfi okkar við grunnskólann með íþróttaskólann sem er fyrir nemendur í 1.-4.bekk og fer fram innan skólatíma. Mývetningur leggur til þjálfarann og skólinn gæslu og er þetta einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Þjálfari var Soffía Kristín Björnsdóttir. Skíðaiðkun var engin þennan veturinn. Aðallega sökum þess að veður var okkur ekki hagstætt og lítið um snjó við lyftuna ásamt því að lyftan var biluð fyrri hluta árs. En tveir í flokki 15 ára keyrðu á æfingar á Akureyri og fylgdu skíðafélagi Akureyrar á nokkur mót en kepptu fyrir Mývetning. Stóðu þeir sig með þryði og voru félaginu til sóma. Það er frábært hvað Skíðafélag Akureyrar er tilbúið að leyfa okkar félögum að koma á æfingar og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Blakkonurnar okkar héldu áfram að æfa og keppa á mótum fram á vorið. Alls kepptu blakkonur Mývetnings á fimm mótum frá janúar til maí. Fjögur þeirra eru svokölluð hraðmót og svo endaði blaktímabilið með keppni á öldungamótinu sem að þessu sinni var haldið í Mosfellsbæ og bar nafnið Mosöld. Á það mót fór eitt lið frá okkur og þær gerðu sér lítið fyrir og enduðu 8.deildina í 2.sæti og fara þar með upp í



7.deild á næsta öldungamóti. Við óskum þeim til hamingju með góðan árangur og vonum að áframhald verði á góðum árangri. Um páskana héldum við okkar árlega páskabingó sem gekk að venju vel. Við viljum þakka öllum þeim sem gáfu okkur vinninga, það er frábært að geta leitað til fyrirtækjanna á svæðinu og finna góðan stuðning frá þeim. Við kunnum þeim bestu þakki fyrir. Hreyfivika UMFÍ fór fram 28.maí - 3.júní og var boðið upp á fjölmarga viðburði íbúum Mývatns-sveitar að kostnaðarlausu. Meðal viðburða voru fjölskyldur-atleikur í Dimmuborgum sem Hike & Bike hafði umsjón með, ganga um Skútustaðagíga, zumba, krakkaZumba, ganga um



klasana við Höfða og endað á Mývatns-marafoni. Ásamt þessu voru hefðbundnar æfingar fyrir börn, íþróttatímar fyrir eldri borgara, íþróttir leikskólabarna, ratleikur fyrir grunnskólabörnin og fótboltaæfingar. Á aðalfundi Mývetnings í febrúar kom fram beiðni frá sveitarstjórn að Mývetningur tæki yfir umsjón Mývatnsmarafons þá um sumarið þar sem Mývatnsstofa var ekki starfrækt eins og áður. Jóhanna Jóhannesdóttir og Elísabet Sigurðardóttir tóku að sér verkstjórn með marafoninu fyrir hönd Mývetnings. Í stuttu máli gekk undirbúningurinn vel og marafonið fór fram 3.júní stór slysalaut með rétt rúmlega 100 keppenda. Að venju koma margir sjálfboðaliðar að svona stóru hlaupi og kunnum við þeim öllum okkar bestu þakki fyrir hjálpina sem og styrktaraðilum marafonsins og Björgunarsveitinni Stefáni fyrir sína aðild.

Sumarstarf félagsins var með minnsta móti þetta sumarið en haldin voru þó tvö leikjanámskeið sem stóðu yfir í tvær vikur hvort. Fyrri námskeiðið fór fram í júní og það seinna í ágúst rétt fyrir skólasetningu. Stjórn Mývetnings sá um námskeiðin og óhætt er að segja að námskeiðin gengu vonum framár. Ýmist var farið í alls konar leiki á fótbolta-vellinum eða íþróttahúsinu, farið í gönguferðir, berjamó og svo endaði seinna námskeiðið á því að farið var í Hlíðarrétt í feluleik. Voru þátttakendur sem og við í stjórninni afar sátt með vel heppnuð leikjanámskeið.



Eldri fótboltaíðkendur okkur héldu áfram að æfa eins og þeir hafa gert undanfarin sumur og kepptu svo bæði í utandeildinni (Kjarnafæðideildin) og bikarkeppninni á Akureyri í sjö manna fótbolta. Strákarnir enduðu í 5.sæti í deildinni en gerðu sér lítið fyrir og unnu bikarkeppnina. Við óskum þeim innilega til hamingju með góðan árangur.

Glímustrákarnir okkar þeir Pétur Þórir Gunnarsson og Einar Eypórsson héldu áfram að ná góðum árangri í glímunni og enduðu til að mynda árið 2017 í öðru og þriðja sæti styrkleikalista Glímusambands Íslands. Pétur Þórir var í 1.sæti í -90kg flokki og í 2.sæti í opnum flokki í Bikarglímunni, var í 1.sæti í bæði +90kg flokki og opnum flokki í Landsflokkaglímunni og í

Íslandsglímunni var hann í 2.sæti í baráttunni um Grettisbeltið og hlaut fegurðarverðlaun fyrir sína glímu. Einar var í 2.sæti í -90kg flokki og í 4.sæti í opnum flokki í Bikarglímunni, var í 1.sæti í -90kg flokki og í 3.sæti í opnum flokki í Landsflokkaglímunni, og í Íslandsglímunni var hann í 3.sæti í baráttunni um Grettisbeltið. Jafnframt tóku þeir þátt fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramótinu í keltneskum fangbrögðum í Austurríki þar sem þeir fengu báðir brons í backhold og ranggeln og svo var Pétur Þórir fjórði í Gouren og Einar fimmti í sömu grein í sínum þyngdarflokki. Einar fór einnig til Skotlands og Englands og keppti þar á nokkrum mótum í backhold og stóð sig mjög vel. Frábært ár að baki hjá glímustrákunum og jafnframt það síðasta hjá Pétri Þóri en hann hefur lagt glímubeltið á hilluna.

Um haustið var svo komið að því að skipuleggja æfingar vetrarins en töluverðar breytingar voru fyrirséðar á skipulagi æfinga fyrir veturinn þar sem Mývetningur byrjaði í meira samstarfi við grunnskólann. Þetta haust var í fyrsta skipti boðið upp á frístund fyrir yngri nemendur skólans og var ákveðið að Mývetningur myndi bjóða upp á íþróttæfingar fyrir börnin á þeim tíma. Úr varð að íþróttaskólinn sem áður var einn dag í viku varð tvisvar í viku, annars vegar fyrir 2.bekk á mánudögum og hins vegar fyrir 3.-4. bekk á miðvikudögum. Soffía Kristín Björnsdóttir var þjálfari íþróttaskólans. Í frístund á fimmtudögum sem var fyrir 1.-7.bekk var boðið upp á boltaíþróttir annan hvern fimmtudag og krakkazumba á móti. Þjálfari boltaíþróttar var Sigurbjörn Reynir Björgvinsson og þjálfari krakkazumba var Ingibjörg Helga Jónsdóttir. Samstarfið hefur gengið vel og heldur áfram út veturinn. Fyrir utan frístund voru boltaíþróttir einu sinni í viku fyrir yngri nemendur og fótboltaæfingar fyrir eldri nemendur einu sinni í viku. Umsjón með báðum





æfingum höfðu Jóhanna Jóhannesdóttir og Sigurbjörn Reynir Björgvinsson. Og þau fengu með sér góða gestgjafara fyrir fót-boltaæfingar eldri nemenda eða þá Þorstein Gunnarsson og Hinrik Geir Jónsson. Og til gamans má nefna að sonur Þorsteins, Gunnar, þjálfaði eina æfingu í vetur en hann er fyrirliði Grindavíkur í Pepsi-

deild karla og við vonumst eftir að Mývetningurinn Baldur Sigurðsson fyrirliði Stjörnunnar í Pepsi-deild karla muni einnig koma heim og vera með eins og eina æfingu.

Blakkonur héldu áfram sínu striki og æfa tvisvar í viku og svo var boðið upp á byrjendablak einu sinni í viku. Jóhanna Jóhannesdóttir og Arnheiður Rán Almarsdóttir sáu um þjálfun byrjendablaksins. Á laugardögum er svo opinn blaktími þar sem allir eru velkomnir til að koma og spila saman blak í eina klukkustund. Það hefur verið mjög góð ásókn í þessa tíma og vonandi að það verði til þess að auka enn frekar blakiðkun í Mývatnssveit. Á laugardögum er jafnframt opinn krakkatími í Íþróttasalnum í boði Mývetnings þar sem öll börn eru velkomin að koma og leika með foreldrum sínum. Vel hefur verið mætt í þessa tíma og óhætt að segja að þar ríki mikið fjör. Allt síðasta ár var því haldið áfram að bjóða öllum iðkendum félagsins að æfa frítt og því engin æfingagjöld rukkuð. Einungis var rukkað fyrir þátttöku á leikjanám-skeiðum sumarsins. Í haust var tekin í notkun hjólabraut við grunnskólann og af þeim sökum ákvað Mývetningur að gefa skólanum 10 hlaupahjól fyrir börnin til að nota á brautinni. Að sjálfsgötu gátum við ekki bara gefið grunnskólanum gjöf svo við gáfum leikskólanum einnig gjöf en þau fengu tvö jafnvægishjól til að nota á útisvæði leikskólans. Eldri borgarar okkur fluttu aðsetur sitt í herbergi í Íþróttamiðstöðinni og ákváðum við að gefa þeim einnig gjöf. Ekki hefur tekist að finna hvað það ætti að vera en þau sýndu því áhuga að æfa boccia á fundi um daginn og því líklegt að við nýtum okkur það og gefum þeim boccia sett. Í desember héldum við svo okkar árlega jólabingó sem er ómissandi partur af aðventunni. Bingóið gekk að venju mjög vel og var þátttaka góð. Við viljum þakka fyrirtækjum á svæðinu enn og aftur kærlega fyrir veittan stuðning.

Núna er upptalið það sem við höfum gert á árinu og horfum við fram á veginn og finnum ný tækifæri en sýndur hefur verið áhugi á því að kenna leiklist og eins að þjálfar frjálsar íþróttir. Svo er bara að vona að snjórin fari að láta sjá sig á skíðasvæðinu okkar svo hægt sé að rífa upp skíðastarfið aftur.

Sigurbjörn Reynir Björgvinsson, formaður

## Skákfélagið Huginn



Starfsemi Skákkfélagsins Hugins var með hefðbundnum hætti árið 2017. Félagið varð Íslandsmeistari Skákkfélaga þriðja árið í röð, enda með marga sterka skákmenn innanborðs.

Sigurður Daníelsson vann sigur á Janúarmótinu í fyrsta skipti, en öll önnur skákmót vann Tómas Veigar Sigurðarson og vann hann þrjú þeirra með fullu húsi. Þetta er í fyrsta sinn sem einn og sami skákkmaðurinn vinnur öll innanfélagsmót fyrir utan eitt á sama almanaksárinu.

Barna og unglíngastarf var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Skóla-skákmót voru haldin í þremur skólum og sýslumót og Þingeyingar áttu keppanda á Landsmótinu í skólaskák annað árið í röð.

Skákkennsla fór fram í Seiglu fyrri hluta árs og einnig á Húsavík og í Stórutjarnaskóla. Hermann Aðalsteinsson sá um kennsluna í Seiglu og á Húsavík, en Rúnar Ísleifsson sá um kennsluna

í Stórutjarnaskóla. Síðari hluta árs hefur skákkennsla þó legið niðri vegna mannekleu.

Félagið stóð fyrir komu Björns Ívars Karlssonar skákkennara og hélt hann helgarnámsekið í Seiglu í samvinnu með Skákkfélag Akureyrar í apríl. Í kjölfarið var svo haldið skákmót fyrir þátttakendur. Námskeiðið gekk vel enda fagmaður þar á ferð.

Pálmi R Pétursson tók við formennsku í félaginu á aðalfundi þess, af Þorsteini Þorsteinssyni, en Hermann Aðalsteinsson hélt áfram sem varaformaður.

f.h. Skákkfélagsins Hugins  
Hermann Aðalsteinsson



## Skotfélag Húsavíkur



### Starfsemi félagsins á árinu

Fimm Mót voru haldin hjá Skotfélagi Húsavíkur árið 2017. Innanfélags riffilmót var haldið 9. júní 2017. Keppt var með 22 cal rifflum og var skotið á 50m færi. Mótið byrjaði kl 20:00. Veður var með ágætum, aðeins sunnan gola.

**Midnight Open** var haldið þann 24. júní 2017. Keppt var í Bench rest riffil-

skotfimi. Mótið byrjaði þann 24. júní kl 22:05 og stóð það fram á nóttina. Mótið vaktið athygli manna í Bandaríkjunum sem voru hissa á því að hægt væri að skjóta á nóttunni í Benchrest. En það gekk vel í miðsumarsnóttinni þrátt fyrir að dapurt veður hafi verið fyrir um kvöldið. 11 manns voru skráðir í mótið og komu þeir víðast hvar frá landinu.

**100 metrar:** 1. Gylfi Sigurðsson (Skotf. Húsavíkur). 2. Jói F (Skotf. Keflavíkur). 3. Ingvar Ísfeld (Skotfélag Austurlands)



**200 metrar:** 1. Ingvar Ísfeld 2. Bergur Arthursson (Skotf. Reykjavíkur). 3. Gylfi Sig.

**Samanlagt:** 1. Ingvar Ísfeld 2. Gylfi Sig 3. Bergur Arthursson

Segja má að mótið hafi heppnast vel í fyrsta miðnæturmóti sem haldið hefur verið í heiminum. Mótið tók 7 klukkustundir. Vegleg verðlaun voru í boði. Fyrir 1.-3. sætið á 100 og 200m voru hefðbundnir verðlaunapeningar. Fyrir fyrsta sætið í samanlögðu var bikar og Sightron riffilsjónauki sem var gjöf frá Sightron sjónaukaframleiðandanum í Bandaríkjunum. Mótið var talið það sterkasta í Benchrest sem haldið var á Íslandi á árinu.

Í verðlaun fyrir fyrsta sætið var fyrir utan sjónaukan gjafabréf fyrir 1kg af púðri að eigin vali frá hlað sf. Íslandsbanki gaf 10.000 kr. fyrir fyrsta sætið.

Fyrir annað sætið var 5000kr frá Íslandsbanka. Þá





var gjafabréf fyrir 100 kúlur að eigin vali frá hlað sf

Fyrir þriðja sætið var 3000 kr. í gjöf frá Íslandsbanka. Gjafabréf var fyrir primera að eigin vali frá hlað sf. Grillveisla var haldin að móti loknu í Lionshúsinu á Húsavík.

Skotfélag Húsavíkur þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn: *Sightron Company Usa. Framsýn stéttarfélag. Íslandsbanki Húsavík. Kjarnafæði. Kristján Örn Arnarsson.*

**Þorramót 29. Jan 2017.** Ópið þorramót var haldið í lok janúar 2017 og voru 10 keppendur. Keppt var í opnum flokki veiðiriffla. Á palli voru Gylfi Sigurðsson, Andi Oddsson og Finnur Steingrímsson.

**Íslandsmeistaramót.** Íslandsmeistaramótið í Benchrest var haldið á Húsavík þann 24. September 2017. Þetta var í annað skipti í röð sem mótið var haldið á Húsavík. Allar helstu Bench rest skyttur landsins mættu til leiks. Arnar Oddson var í fyrsta sæti, Ingvar Ísfeld í öðru sæti, í þriðja sæti var Finnur Steingrímsson.

Að lokum var eitt **Skeet leirdúfumót** í lok Desember 2017. Þrátt fyrir töluverð snjóþyngsli þá mættu 7 manns til leiks. Á palli voru Elías Frímann í fyrsta, Sigdór Jósefs í öðru, og Tryggvi Berg í þriðja.



### Framkvæmdir á árinu 2017

Framkvæmdir eru enn við ríffilhús skotfélagsins, en nú er verið að leggja loka hönd á að klæða ríffilhúsið að innan. Aðstaðan er orðin með besta móti.

### Umfjöllun um skotfélagið

N4 sjónvarpsstöðin kom á skotvöllin síðastliðið sumar og tók viðtal við nokkra meðlimi og sýndi frá aðstöðunni. Bæði ríffilaðstöðu og leirdúfuaðstöðunni.

<https://www.youtube.com/watch?v=RJ2qsJIA5C8&feature=youtu.be>

F.h. stjórnar, Kristján Helgason





# Ungmennafélagið Austri

## Æfingar

Sumaræfingar voru í júní og fram að miðjum júlí. Þjálfari var Jón Þormar. Boðið var bæði upp á æfingar í frjálsum íþróttum og fótbolta. Boðið var upp á hreyfiskóla fyrir leikskólabörn og yngstu grunnskólabörnin í mars – maí, annan hvern laugardagsmorgun í umsjón Ingunnar Valdísar Baldursdóttur. Boðið var upp á frjálsíþróttæfingar á haustönn 1x í viku fyrir grunnskólabörn. Þjálfari var Angela Agnarsdóttir. Blakæfingar hjá fullorðnum voru frá hausti 2x í viku. Góð þátttaka er í blakinu.



## Þátttaka á mótum / námskeiðum

Auðunn Elí Steinþórsson fór í frjálsíþróttæfingabúðir HSP í janúar. Keppendur á öllum aldri frá UMF Austri tóku þátt í Ásbyrgismóttinu og stóðu sig með mikilli þrýði. Björn Grétar Ríkharðsson tók þátt í tveimur fótboltamótum með UMFL, Króksmóttinu á Sauðárkróki og Curio móttinu á Húsavík. Björn Grétar Ríkharðsson og Höskuldur Breki Steinþórsson fóru í knattspyrnskóla Coerver sem haldinn var á Þórshöfn í nóvember og tók UMF Austri þátt í kostnaði. Auðunn Elí Steinþórsson, Höskuldur Breki Steinþórsson og Björn Grétar Ríkharðsson fóru á skáknámskeið sem haldið var í Lundi á vegum Æskulýðs- og menningarnefndar Norðrúpings. UMF Austri tók þátt í ferðakostnaði.

## Annað

Aðalfundur var haldinn 9. mars og var stjórn endurkjörin.

UMF Austri sendi tvo fulltrúa á Ársþing HSP sem haldið var á Stóru Tjörnum, Birnu Björnsdóttur og Karítas Ríkharðsdóttur. UMF Austri hafði umsjón með hinu árlega kvannahlaupi sem haldið var laugardaginn 17. júní. UMF Austri sá um hátíðarhöld á 17. júní. Seldar voru blöðrur, boðið upp á andlitsmálun, farið í leiki og fleira gert til gamans. Að lokum var boðið upp á grillaða hamburgara og gos/ávaxtasafa. Reynt var að halda reiðnámskeið en ekki fékkst næg þátttaka.

UMF Austri styrkti leiklistarstarf barna og unglinga með kaupum á tveimur vönduðum hljóðnemum. UMF Austri styrkti félagsstarf ungmenna með peningaframlagi. Eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman. Ekki hefur gengið vel að fá þjálfara til starfa og reynir ungmennafélagið þá að styrkja börn og ungmenni með öðrum hætti, eins og fram kemur hér að ofan.

## Stjórn

Í stjórn UMF Austri eru:

- Birna Björnsdóttir formaður
- Olga Friðriksdóttir gjaldkeri
- Karítas Ríkharðsdóttir ritari
- Nanna Steina Höskuldsdóttir
- Ragnar A. Jóhannsson



*Birna Björnsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Olga Friðriksdóttir*



# Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Ungmennafélagsins Bjarma var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 6. mars 2017 og var mæting nokkuð góð. Stjórn Bjarma skipa Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri.

Nefndir Bjarma haldast óbreyttar milli ára þar sem skipað er í þær á tveggja ára fresti, formenn þeirra fram til maí 2018 eru: Knattspyrnunefnd: Steinar Karl Friðriksson, Íþróttanefnd: Rúnar Ísleifsson, Ferðapjónustunefnd: Sigríður Karlsdóttir, Vallarnefnd: Arnór Erlingsson, Húsnefnd: Jón Þ. Óskarsson, Ferðanefnd: Sigrún



Jónsdóttir, Spilanevnd: Erna Sigrún Valgeirsdóttir og Ballnefnd: Sigurður Jóhann Freygarðsson.



Árสปing HSP var haldið í Stórutjarnaskóla þann 12. mars 2017. Þingið var skemmtilegt og slógu Kvenfélagskonur í Fnjóskadal í gegn með glæsilegum veitingum og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið. Fulltrúar Bjarma á þinginu voru Birna Davíðsdóttir, Helen Jónsdóttir og Torfhildur Sigurðardóttir. Þess má geta að Helen ritari Bjarma og Kristján I. Jóhannesson voru heiðruð með Starfsmerki UMFÍ fyrir vel unnin störf í þágu ungmenna-

félagsshreyfingarinnar í gegnum tíðina. Birna fékk einnig Silfurmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf.

Störf ungmennafélagsins voru nokkuð hefðbundin á árinu. Íþróttanefndin sá um að skipuleggja íþróttæfingar barna yfir vetrarmánuðina en meðal annars var boðið uppá íþrótt- og leikjanámskeið, badminton og körfubolta. Þá var nokkur hópur barna og fullorðinna sem stunduðu knattspyrnu, frjálssar íþróttir, sund og fleiri íþróttir í nágrennsveitum. Sumarið 2017 var haldið leikjanámskeið á Bjarmavelli og ungmenni spiluðu fótbolta tvisvar í viku. Ferðapjónusta var þó nokkur en haldin voru ættarmót á Bjarmavelli, sem þóttu takast mjög vel enda aðstaðan á vellinum góð.



Bjarmafélagar mættu að venju á völinn og tóku til á svæðinu um miðjan júní og í ágúst var haldin árleg Bjarmahátíð þar sem bæði félagsmenn og aðrir mættu og áttu góða kvöldstund saman. Ferðanefndin stóð fyrir ferð á Flateyjarðalsheiði í ágúst í ágætis veðri, fámennst en afar góðmennt var í ferðinni. Góð mæting var á Bjarmaball sem haldið var á Illaugastöðum í nóvember þar sem Ari Bald spilaði fyrir dansi.

Þess má geta að Bjarmi verður 110 ára á árinu 2018 og er stefnt að því að halda veglega upp á afmælið, meðal annars með því að endurnýja pallinn okkar, gera göngu-

stíga í samstarfi við Skógræktina, bera á vallarhúsið og halda veglega Bjarmahátíð. Stjórnin þakkar nefndum Bjarma gott starf á árinu og hvetur alla til að stunda hreyfingu sjálfum sér til skemmtunar og heilsueflingar.

Stjórn Bjarma



## Ungmennafélagið Efling

### Frá aðalstjórn

Árið 2017 fór af stað með hefðbundnum hætti þar sem Eflingaræfingar héldu áfram samhliða Þingeyjarskóla. Boðið var uppá æfingar þrisvar í viku fyrir mismunandi aldurhópa og í mismunandi greinum en m.a. var boðið uppá fótbolta, leiki og blak. Þátttaka var góð í flest öllum tímum.

Árið 2015 var gerður samningur við 3 stórfyrirtæki á svæðinu, Sparisjóð S-Þingeyinga, Jarðböðin við Mývatn og Framsýn – Stéttarfélag, um að gerast bak-hjarlar félagsins undir verkefnaheitinu „Skjaldborg Eflingar“. Þeir samningar voru allir endurnýjaðir á árinu

og stendur skjaldborgin því sterk og styður við starf Eflingar.

Í lok janúar sigraði Tómas Gunnarsson úr Eflingu Bogfimikeppni WOW Reykjavík International Games með sveigboga af 18 metra færi.

Þorablót Eflingar fór fram þann aðra helgi Þorra. Það var mjög vel sótt, skemmtiatriðin sviku engan og hljómsveitin Luxor lék fyrir dansi.

Aðalfundur U.m.f. Eflingar var haldinn 15. mars og þá var kjörin ný stjórn félagsins en hana skipa nú þau Óttar Jósefsson – formaður, Aðalsteinn Már Þorsteinsson – ritari og Guðrún Sædís Harðardóttir – gjaldkeri auk þeirra Andra Hnikarrs Jónssonar og Evu Sólar Pétursdóttur sem eru varamenn stjórnar.

Í mars kepptu hjónin Tómas Gunnarsson og Guðný Grímsdóttir úr Lautum á Íslandsmótinu í bogfimi í Reykjavík. Tómas datt út í útsláttakeppni en Guðný gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í flokki 50 ára og eldri auk þess að ná 3. sæti í opnum flokki.

Leikdeild Eflingar setti upp söngleikinn Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson. Leikstjóri var Hörður Þór Benónýsson og tónlistarstjóri Pétur Ingólfsson. 33 tóku þátt í sýningunni og voru þeir á öllum aldri víðsvegar úr sveitarfélaginu ásamt nemendum úr Framhaldsskólanum á Laugum. Sýndar voru 10 sýningar og áhorfendur voru tæplega 600.



Umhverfisnefndin stóð fyrir ruslatínslu á vor-dögum sem endaði með grilli eftir gott dags-verk. 17. júní var haldinn hátíðlegur að vanda með skemmtilegri dagskrá og var fjallkona að þessu sinni Gerður Björg Harðardóttir.

Yfir sumarið bauð Efling upp á fót-boltaæfingar einu sinni í viku sem Stefán Valþórsson sá um. Einnig var boðið upp á leiki einu sinni í viku sem Ásdís Inga Sigfús-dóttir sá um. Vetrarstarfið hefur gengið ljómandi vel. Boðið er upp á æfingar í íþróttahúsinu á Laugum tvisvar í viku. Fótbolta á mánudögum og leiki á fimmtudögum. Þjálfari eru Óliver Jóhannsson.

Efling teflir fram sameiginlegu liði með Völsungi í tveimur deildum í Íslandsmóti karla í blaki. Eitt lið í annarri deild og annað í þriðju deild. Liðið tók þátt í bikarkeppni BLÍ, Kjörisbikarnum, og komst í 8 liða úrslit.

Ungmennafélagið endar árið alltaf með góðri samveru á Breiðumýri með spil í hönd og stóð fyrir félagsvist Eflingar þann 29. desember.

### Golfnefnd:

Helsta hlutverk golfnefndarinnar er að bjóða almenningi uppá góða aðstöðu til golfiðkunar og hreyfingar. Völlurinn okkar á Laugum var í finu standi í sumar og alltaf eru fleiri og fleiri að átta sig á því að það sé golfvöllur á Laugum, bæði í nærsveitum sem og ferðafólk.

Umferðin um völlinn var ljómandi fín í sumar og vorum við ánægð með það. Vellinum er haldið við að lang



mestu leiti í sjálfboðavinnu en golfnefndin hafði þó 1 starfsmenn í sumar. Viðkomandi sá að mestu um að slá Íþróttavöllinn á Laugum og skólalóðina hjá Framhaldsskólanum í fjáröflunartilgangi fyrir golfnefndina.

Golfnefndin stóð fyrir golfmóti í tengslum við 17. júní hátíðarhöldin á Laugum. Mótið gekk vel og alls voru 8 keppendur á mótinu. Boðað var nokkrum sinnum til kvöldgolds í sumar við ágætar undirtektir og þátttöku.

Golfnefndin hefur á síðustu árum byggt sig upp í búnaði og aðstöðu til að geta haldið úti vellinum svo sómi sé af. Nú á deildin 3 sláttuvélar og er með grínsláttuvél í láni frá Golfklúbbnum í Mývatnssveit.

Staða nefndarinnar er því mjög góð í dag og völlurinn var í mjög góðu standi síðasta sumar. Það er frábær viðbót fyrir almenningsíþróttir á svæðinu að hafa golfvöllinn á Laugum. Golf er fyrir alla og það hefur alltaf verið hugsunin hjá golfnefndinni.

F.h. stjórnar, Guðrún Sædis Harðardóttir, gjaldkeri



## Ungmennafélagið Einingin

Ungmennafélagið Einingin sér um þorablótið í Bárðardal sem haldið var fyrsta laugardag í þorra og var mæting góð. Þorablótið er stærsta fjáröflun félagsins.

Í febrúar mætti formaður á fund ásamt formönnum Bjarma og Gaman og alvöru. Fundað var á Stórutjörnum þar sem stjórn HSP hitti formenn og ræddi starf ársins 2016 og hvað væri á döfinni á árinu 2017. Gerðu félögin stjórn grein fyrir starfi sínu og var spjallað um ýmislegt sem viðkom félögunum og HSP. Þetta fundafyrirkomulag er að mínu mati ljómandi gott og eflir klárlega tengsl milli félaganna og HSP en samvinna í félögum getur verið góð og boðið upp á meiri möguleika þar sem mörg þeirra eru smá. Þá gefst m.a. möguleiki á að deila kostnaði og fá fleiri þátttakendur. Tveir fulltrúar Einingarinnar mættu svo á ársþing HSP í Stórutjarnaskóla 12. mars.

Stofnaður var hópur sem kallaði sig Rasssíðar rakettur sem hittist nokkrum sinnum yfir veturinn og hreyfðu sig. Aðallega var farið í gönguferðir. Í sumar var stubbabolti einu sinni í viku á Einingarvellinum, en það voru fótboltaæfingar fyrir unga krakka. Haldið var áfram framkvæmdum við skógarreit félagsins í Halldórstaðaskógi en þar er stefnt á að halda upp á afmæli skógarreitsins sem verður 100 ára í sumar. Eins varð Einingin 125 ára s.l. desember og var ákveðið að slá þessu tvennu saman í veislu sumarið 2018. Nokkrir krakkar frá Einingunni æfa íþróttir á Stórutjörnum og Laugum og mæta á æfingar sem ungmennafélögin Bjarmi og Efling standa fyrir. Þetta eru frjálssar, fótolti, körfubolti og leikjanámskeið. Íþróttamenn frá Einingunni stóðu sig vel á mótum sem þeir tóku þátt í á árinu. Ýmsar áætlanir eru um starf félagsins árið 2018

og mun tíminn leiða í ljós hvað kemst í framkvæmd. Meðal annars er stefnt á að halda áfram vinnu í Halldórstaðaskógi, undirbúa afmæli og hvetja til hreyfingar barna og fólks á öllum aldri.



Stubbabolti

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður

## Ungmennafélagið Gaman og Alvára

Lítill starfssemi var á árinu hjá Gaman og Alvöru. Þrettándaglegðin var árið 2017. Það mættu ca 100 manns. Fyrst er flugeldasýning, svo koma allir með eitthvað með sér á flott sameiginlegt kaffihlaðborð. Börn fá kost að taka þátt í smáköku-keppni. Því næst eru veittar viðurkenningar. Svo að lokum spilað bingó með mjög veglegum vinningum. Allir sátir. Það verður vonandi betri starfssemi á næstu árum.



Ólafur Ingólfsson, formaður

## Ungmennafélagið Geisli

Starfssemi Geisla var með minnsta móti á þessu ári, skipulagðar æfingar fyrir krakka voru ekki á árinu en krakkar í Geisla hafa æft knattspyrnu, sund, blak, og fleiri greinar með öðrum félögum á svæðinu. Blakæfingar fyrir eldri hafa verið haldnar yfir veturinn og er þó nokkur mæting á þær.

Annað árið í röð sendi Geisli lið í 4. deild karla í knattspyrnu og voru um 30 manna hópur sem tók þátt í því, þjálfari var Sinisa Pavlica. Árangur var alveg þokkalegur, 3 sigrar og 2 jafntefli og mun Geisli taka aftur þátt í 4.deild á komandi sumri.

Árni G Helgason, formaður

## Ungmennafélag Langnesinga

### Þjálfarar og æfingar

Hjá Ungmennafélaginu störfuðu alls 8 þjálfarar á árinu 2017 í fótbolta, sundi, blaki, körfubolta og frjálsum íþróttum. Þessir þjálfarar eru Ásdís Hrönn Viðardóttir, Valgerður Sæmundsdóttir, Lára Björk Sigurðardóttir, Árni Sigurðsson, Margrét Eyrún Níelsdóttir, Max van Aanholt, Fanney Guðjónsdóttir og Ísak Jónasson.

Fyrirkomulagið á æfingunum á vorönn 2017 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá störfuðu 5 þjálfarar. Þau Lára Sigurðardóttir og Árni Sigurðsson sáu um frjálssar íþróttir. Árni sá einnig um körfubolta fyrir allan aldur ásamt blaki hjá eldri iðkendunum. Margrét sá um sundæfingar fyrir 7.-10. bekk. Ásdís Hrönn Viðarsdóttir og Valgerður Sæmundsdóttir sáu um fótboltann.

Sumarið 2017 var einnig með svipuðu sniði og síðustu ár. Þá störfuðu 3 þjálfarar hjá okkur. Ásdís Hrönn Viðarsdóttir var yfirþjálfari og Fanney Guðjónsdóttir sá um frjálssar og fótbolta hjá yngri iðkendum og Ísak Jónasson sá um frjálssar íþróttir og fótbolta hjá eldri iðkendum.

Haustönnin 2017 var einnig með hefðbundnu sniði og síðustu ár. Þá störfuðu 5 þjálfarar. Árni sá um frjálssar íþróttir hjá eldri iðkendum, Ásdís Hrönn og Valgerður sáu um allan fótbolta og Margrét Eyrún og Max sáu um frjálssar íþróttir hjá yngri iðkendum.

Sameiginleg frjálssíþróttæfing HSP var haldin hjá okkur í janúar 2017 og var mætingin mjög góð. Þjálfarar voru Brói, Selmdís og Árni. Mikill velvilji er hjá öllum til að þessi æfingarhelgi geti verið börnunum að kostnaðarlausu. HSP greiðir allan þjálfarakostnað. Við fengum íþróttahúsið og félagsheimilið endurgjalds-laust frá Langanesbyggð og Ísfélag Vestmannaeyja, Samkaup og UMFL sáu um mat og annan kostnað. Þökkum við fyrir samstarfið og öllu því góða fólki sem starfaði að þessu.

Í lok ársins fengum við svo hjá stjórn UMFL hann Heiðar Birnir frá Corver coaching til okkar með fótbolta-skóla fyrir alla aldursflokka. Frábær þátttaka var en um 25 krakkar tóku þátt. Þjálfarinn var mjög ánægður með okkar aðstöðu og mjög ánægður með mætinguna. Einnig buðum við krökkum frá Raufarhöfn, Kópaskeri og Kelduhverfi að nýta sér þetta tækifæri en tveir komu frá Raufarhöfn. Okkar krakkar voru til fyrirmyndar og stóðu sig öll stórvel og allir ánægðir.





## Keppnisferðir sem farið var í árið 2017

Krakkarnir í 6. og 7. flokki fóru á nokkur fótboltamót á árinu en þar er markmiðið að hafa gaman og allir fái að vera með og fái verðlaun. Á þessum mótum voru foreldrar mjög virkir að koma með. Þessi mót voru tvö Stefnumót KA á Akureyri, Hattarmót á Egilsstöðum, Fjarðarálsmótið á Reyðarfirði, Völsungsmótið á Húsavík. 7.flokkur fór einnig á hið geysivinsæla Króksmót á Sauðárkróki en þar kepptum við um 3. sætið í okkar flokki og enduðum svo í því 4. Frábært mót í alla staði og strákarnir okkar alsælir eftir þessa ferð sem og þjálfarinn. Eldri krakkarnir okkar fóru mjög lítið á mót í fótbolta á árinu en ekki er mikið um opin mót fyrir þennan aldur í 5 og/eða 7 manna bolta. Mótin sem eru í boði eru fyrir stærri lið (11 manna bolta). Þetta árið höfum við aðeins verið í samstarfi við Einherja á Vopnafirði og fórum við á eitt mót saman í sumar á Dalvík í 7. flokki. Einnig voru nokkrir krakkar frá okkur af eldri iðkendum sem kepptu með Einherja aðeins í sumar. Haldnar voru sameiginlegar æfingar í fótbolta með Einherja í sumar. Ein æfing var haldin á Vopnafirði þar sem okkar krakkar fóru yfir til þeirra og ein æfinga á Þórshöfn þar sem þau komu yfir til okkar. Vonum við að áframhald verði á þessu samstarfi.

Í frjálsum íþróttum var þó nokkuð um að krakkar frá UMFL færu að keppa og fóru þá með HSP hópnum eða á eigin vegum. Við eigum nokkuð marga efnilega krakka í frjálsum íþróttum sem fóru mörg hver á verðlaunapalla á árinu á hinum ýmsu mótum og eru þau algjörlega til fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan. UMFL átti fulltrúa á eftirfarandi mótum á árinu 2017. Stórmóti ÍR, Meistaramóti Íslands, marsmóti á Húsavík, UFA móti í apríl, Laugaleikum í júní, Ásbyrgismóti í júlí, Landsmóti í ágúst, frjálsíþróttamóti á Sauðárkróki í ágúst, nóvembermóti á Húsavík og UFA móti í nóvember. Einnig áttum við í UMFL fulltrúa á Gautaborgarleikunum en þangað fór Erla Rós Ólafsdóttir og keppti í spjótkesti og kom heim með brons. Frábær árangur hjá þessari frábæru íþróttakonu.

Hið árlega Ásbyrgismót var einnig haldið og áttum við marga og öfluga þátttakendur þar í öllum greinum.

Fyrir nokkrum árum síðan var ákveðið að stofna svokallaða Ásbyrgismótsnefnd og að hvert félag ætti sinn fulltrúa í henni. Kristinn Lárusson hefur verið okkar fulltrúi síðustu ár og þökkum við honum frábært starf. UMFL styrkir þetta gamalgróna mót með peningaupphæð ár hvert. Einnig hefur UMFL borgað öll þátttökugjöld fyrir sína iðkendur á öllum íþróttamótum síðastliðin ár.

Ungmennafélagið á fulltrúa í nokkrum nefndum á vegum HSP. Í knattspyrnunefnd HSP eigum við einn fulltrúa, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir. Í unglíngalandsmótsnefnd HSP var Dagbjört Aradóttir, Hrafngerður Elíasdóttir og Elfa Benediktsdóttir. Sölvi Steinn Alfreðsson er í varastjórn. Þessu fólki þakkar UMFL fyrir vel unnin störf.

Hvað varðar fjölda og fjölbreytni æfinga þá hefur það verið markmið stjórnar UMFL að hver iðkandi fái 2-3 æfingar í viku og geti átt möguleika á að stunda a.m.k. 2 íþróttagreinar. Stjórnin hefur reynt að passa það að hafa að lágmarki eina hópíþrótt og eina einstaklingsíþrótt í boði. Fótbolti hefur í gegnum tíðina verið fjölmennasta íþróttagreinin hérna á Þórshöfn en einnig hafa frjálsar íþróttir verið vinsælar.



## Annað sem gert var á árinu

Fjáraflanir hafa verið með hefðbundnu sniði þetta árið en voru þó heldur færri en oft áður. Farið var í söluferðir með wc pappír, eldhúsrúllur og rækjur og gekk það vel. Dósirnar okkar eru alltaf hluti af okkar fjáröflunum.

Langaneshlaup UMFL var haldið sumardaginn fyrsta og var rosalega góð þátttaka hjá ungum jafnt sem öldnu og gaf Samkaup ávexti eftir hlaup og MS gaf hleðsu. Allir fengu þátttökupening eftir hlaup og allt að kostnaðarlausu. Takk Samkaup og MS.

Innheimta æfingagjalda var breytt árið 2016. Nú rukkar félagið fyrir hverja önn fyrir sig í staðinn fyrir mánaðarlega. Einnig er gott samstarf við grunnskólann en allar æfingar hjá yngri flokkum er á gæslutíma í skólanum þannig að allir yngri krakkar eru búnir með allar æfingar kl. 16 á daginn. Æfingar UMFL eru í samræmi við skóladagatal grunnskólans.

Aðalfundur fyrir árið 2016 var haldin 22. febrúar en mjög dræm mæting var á þeim fundi en þar var ný stjórn kosin til eins árs. 5 einstaklingar fóru fyrir félagið á Ársþing HSB á Húsavík en það voru Valgerður, Sölvi Steinn, Þorsteinn, Elfa, Dagbjört og Guðmundur.

Gerðar voru tvær pantanir á félagagöllum en félagið niðurgreiðir allar pantanir fyrir alla sína krakka. Félagið sendi erindi til sveitarfélagsins varðandi það að sveitarfélagið myndi byrja á því að greiða frístundarstyrk til foreldra. Slíkur styrkur verður á nýju ári.

Við í stjórn UMFL teljum okkur vera að vinna öflugt forvarnarstarf hérna á Þórshöfn og nágrenni. Í lokin á þessari yfirferð viljum við í stjórn félagsins þakka öllu því góða fólki og okkar styrktaraðilum sem hafa komið með einum eða öðrum hætti að starfsemi félagsins á liðnu ári. Margir góðir hlutir hafa verið gerðir hjá félaginu. Þótt að mikið og gott starf hafi verið unnið á síðustu árum í íþróttamálum hér á Þórshöfn þá má aldrei slaka á í þeim efnum heldur horfa alltaf fram á veginn og muna að margar hendur vinna létt verk. Við minnum á að samstarf við foreldra er gríðarlega mikilvægur þáttur í að geta haldið úti heilu íþróttafélagi. Foreldrar eru jafn mikilvægir eins og iðkendurnir sjálfir því án foreldra væru engir iðkendur.

F.h. Stjórnar, Sölvi Steinn Alfreðsson



## Ungmennafélagið Leifur heppni

Árið 2017 byrjaði á grímuballi í tilefni þrettándans þann 6. janúar í Skúlagarði. Þar var sungið, dansað og farið í leiki og mátti sjá ýmsar furðuverur bregða á leik. Skemmtunin var vel sótt og komu gestir á öllum aldri frá Kópaskeri, Óxarfirði og Kelduhverfi.

12. mars skunduðu stjórnarmeðlimir Leifs heppna á HSB þing á Stórutjörnum og komu heldur glaðir í bragði heim með frjalsíþróttamann ársins annað árið í röð. En Unnar

Þór Hlynsson hlaut titilinn frjalsíþróttamaður ársins 2016, Snæþór Aðalsteinsson hafði hlotið þann titil árið áður.

Hreyfivika UMFÍ var 29. maí – 4. júní og gerðum við tilraun til að taka þátt í því verkefni. Magnea Dröfn stóð fyrir opnum þol og styrk tíma í íþróttahúsinu í Lundi þann 30. maí sem var því miður illa sóttur, en einungis einn mætti í þann tíma. Þá bauð hún einnig upp á kvöldgöngu á Eyjuna í Ásbyrgi þann 4. júní sem var betur sótt þar sem fjórir göngugarpar mættu og gengu út á Eyjuenda og til baka.

Íþróttæfingar sem einkennast af leikjum, frjalsum íþróttum og knattspyrnu hófust 5. júní. Æfingar hefðu mátt vera betur sóttar en því miður fer fólkinu og iðkendum fækkandi. Þjálfarar voru Friðbjörn Bragi Hlynsson og Hlynur Aðalsteinsson, Magnea Dröfn hljóp í afleysingar þegar á þurfti að halda.

Ásbyrgismótið var helgina 14. – 16. júlí sem er alltaf hápunktur okkar iðkennda þar sem þetta er okkar heimamót.







Síðasta æfing sumarsins var 30. júlí og lokahófið 2. ágúst. Við komum saman við Gljúfrastofu í Ásbyrgi fórum í leiki, grilluðum og höfðum gaman. Þar með lauk starfi Ungmennafélagsins 2017.

Í stjórn sitja áfram Magnea Dröfn Hlynsdóttir formaður, Guðríður Baldvinsdóttir gjaldkeri og Ágústa Ágústsdóttir ritari.

Magnea Dröfn Hlynsdóttir, formaður



# Hvatningarverðlaun og Íþróttamenn ársins 2017

## Hvatningarverðlaun í handknattleik: Elmar Örn Guðmundsson



Elmar var lykilmaður 4.flokks í handbolta árið 2017, þar sem hann spilar allar stöður á hægri vængnum og er leikstjórnandi. Hann gat rífið upp stemminguna í liðinu, hann er með mikinn metnað fyrir handboltanum og hefur komið að þjálfun yngri leikmanna í mörg ár. Hann er frábær fyrirmynd fyrir yngri krakkana í handboltanum og er alltaf tilbúin í að taka þátt í því sem deildin er að gera.

Elmar er duglegur leikmaður sem vinnur fyrir sínu og á skilið heiður fyrir góðan leikskilning þrátt fyrir ungan aldur. Elmar hefur verið að æfa handbolta frá 6 ára aldri með Völsungi og aðrar íþróttir með sem sýnir hversu fjölbærur leikmaður hann er.

Yfirlit yfir helsta árangur:

Leikstjórnandi 4.flokks Völsungs.

Vinstri hornamaður og skytta í láni hjá Herði á Ísafirði í 3.flokki.

Þjálfari handknattleiksdeildar.

## Blakmaður HSP: Sladjana Smiljanic



Sladjana kom til liðs við blakdeild Völsungs haustið 2016 og hefur leikið með meistaraflokksliði Völsungs síðan þá ásamt því að þjálfar blak í fullu starfi fyrir blakdeildina. Sladjana var lykilmanneskja í meistaraflokksliðinu á síðasta tímabili og er í dag stigahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar eftir fyrri hluta deildarkeppninnar 2017-18.

Sladjana er leiðtogi liðsins innan vallar sem utan og hefur gríðarlegan metnað fyrir sínu starfi og frammistöðu í leikjum. Hún hefur einnig unnið frábært starf fyrir blakdeildina sem þjálfari og náð góðum árangri með þau lið sem hún þjálfar og stýrir í keppnum.

Yfirlit yfir helsta árangur:

Lykilmaður í liðinu tímabilið 2016-2017.

Stigahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar eftir fyrri hluta deildarkeppninnar 2017-18.

## Bocciamaður HSP: Sverrir Sigurðsson



Sverrir er öflugur bocciaspilari, hann hefur æft og spilað með Völsungi tvö liðin ár. Hann kom frá Viljanum á Seyðisfirði þar sem hann hafði stundað íþrótt sína til fjölda ára.

Árið 2017 var Sverri gott „Bocciaár“ og keppti hann á öllum mótum ársins, á Íslandsmótum bæði í einstaklings og liðakeppni keppti hann í 1. deild. Hápunktur ársins hjá Sverri var glæsilegur árangur hans á Íslandsmótinu í einstaklingskeppni sem haldið var hér á Húsavík í október s.l. en þar komst hann alla leið í úrslit og hafnaði í 2.sæti og hlaut silfurverðlaun í 1. deild.

Glæsilegur árangur hjá Sverri.

Árið 2017 var glæsilegt boccia ár hjá Sverri, er hann öflugur liðsmaður í frækilegum hópi fatlaðs íþróttafólks hjá Völsungi, og ávalt félagi sínu Völsungi til mikils sóma.

Yfirlit yfir helsta árangur:

2. sæti í 1. deild í Íslandsmótinu í einstaklingskeppni.



## Frjálsíþróttamaður HSB: Eypór Kári Ingólfsson



Eypór Kári Ingólfsson hefur æft frjálsar íþróttir frá unga aldri. Hann hefur prófað margar greinar og náð góðum árangri í þeim flestum. Síðasta tímabil hefur hann lagt áherslu á hástökk og stangarstökk og verið að gera það mjög gott. Eypór stóð sig mjög vel í frjálsum á árinu 2017. Á stórmóti ÍR sem fram fór í febrúar varð hann í 3.sæti bæði í hástökki og stangarstökki. Á MÍ 15-22 ára innanhúss varð hann í 6.sæti í stangarstökki en með persónulega bætingu. Hann varð í 1. sæti í hástökki og stangarstökki á sumarleikum HSB og með persónulega bætingu í stangarstökkinu. Á unglíngalandsmótinu varð hann í 3. sæti í hástökki en samtals bætingar í 5 greinum en Eypór hefur metnað fyrir að keppa í sem flestum greinum og gerir vel. Á UFA móti seinnipartinn í sumar varð hann í 1.sæti í stangarstökki og hástökki og 2.sæti í 100m hlaupi. Á MÍ 15-22 ára utanhúss í ágúst náði hann einnig 3. sæti í stangarstökki.

Fyrir utan góðan árangur í frjálsum þá hefur Eypór verið samviskusamur að mæta á æfingar og sýnt mikinn metnað í því sem hann er að gera. Hann hefur alltaf verið tilbúinn að aðstoða þjálfara, hvort sem það er á æfingum eða taka að sér æfingar í afleysingu þjálfara.

## Glímumaður HSB: Pétur Þórir Gunnarsson



Á árinu 2017 keppti Pétur Þórir á þremur mótum hér heima og á Evrópu-meistaramótinu í keltneskum fangbrögðum í Austurríki fyrir Íslands hönd. Hann sigraði -90kg flokk og var í 2.sæti í opnum flokki í Bikarglímuni, sigraði bæði +90kg flokkinn og opna flokkinn í Landsflokkaglímuni og í Íslandsglímuni var hann í 2.sæti í baráttunni um Grettisbeltið og hlaut fegurðarverðlaun fyrir sína glímu. Á Evrópu-meistaramótinu fékk Pétur Þórir brons í backhold og ranggelni og endaði í 4.sæti í gouren í sínum þyngdarflokki. Í lok árs 2017 var Pétur Þórir í 2. sæti á styrkleikalista Glímusambands Íslands en Pétur Þórir hefur lagt beltið á hilluna.

## Knattspyrnumaður HSB: Dagbjört Ingvarsdóttir



Dagbjört hefur spilað með Völsungi allan sinn feril. Hún var annar af fyrirliðum meistaraflokks kvenna í sumar. Hún spilaði alla leiki sumarsins nema einn og skoraði 1 mark.

Liðið náði góðum árangri í sumar og voru aðeins fimm stigum frá því að komast upp í 1. deild. Dagbjört er kraftmikill leikmaður. Hún er með mjög góðan leikskilning og mikinn metnað bæði á æfingum og í leikjum. Hún er lykilmaður í liðinu og spilar bæði sem miðjumaður og í vörn. Á lokahófi meistaraflokkanna s.l. haust völdu leikmenn Dagbjörtu besta leikmann sumarsins 2017 annað árið í röð.

Hún fékk einnig tilnefningar í lið ársins í 2. deild en það eru þjálfarar og fyrirliðar liða í deildinni sem velja það. Þó Dagbjört sér aðeins 21 árs hefur hún spilað 79 leiki fyrir meistaraflokk og skorað 13 mörk.

Yfirlit yfir helsta árangur:

Lykilmaður í liðinu.

Tilnefningar í lið ársins.

Valin besti leikmaður annað árið í röð.

## Langhlaupari HSB: Anna Halldóra Ágústsdóttir



Anna Halldóra skaust upp á stjørnuhimininn í haust með mögnuðum árangri í Amsterdammaraþoni sem var jafnframt hennar fyrsta maraþon. Hún hljóp kílómetrana 42,2 á tímanum 3:16:31 sem reyndist næstbesti árangur íslenskra kvenna á árinu. Árangurinn dugar einnig til að komast á topp 25 yfir besta einstaklingsárangur í íslenskra kvenna í maraþoni frá upphafi.

Anna hefur sýnt einstaklega áræðni og dugnað í vegferð sinni að þessum árangri, enda hefur hún hlaupið um 4000 km á árinu, allt utandyra í öllum mögulegum veðrum.

Yfirlit yfir helsta árangur:

Amsterdammaraþon 42,2 km – 3:16:31.

Mývatnsmaraþon 21,1 km – 1.sæti.

Reykjavíkurmaraþon 21,1 km – 1:33:09 (11 bestí tími ársins).

Dyrfjöll – 3:08:33 (6. sæti kvk).

## Skákmaður HSB: Tómas Veigar Sigurðarson



Tómas Veigar náði frábærum árangri á reitunum 64 á árinu. Hann vann sigur á öllum skákmótum sem haldin voru í héraði fyrir utan eitt. Tómas tapaði aðeins einni skák og gerði tvö jafntefli í öllum þeim skákmótum sem hann tók þátt í. Allar aðrar skákir vann Tómas.

Tómas Veigar varð skákmeistari Hugins þegar hann vann sigur á Skákþinginu í apríl. Tómas fékk 4,5 vinninga af 5 mögulegum. Tómas vann einnig sigur á Framsýnarmótinu með sama vinningafjölda. Tómas varð Héraðsmeistari HSB í skák með fullu húsi og einnig vann hann sigur á 10 mín mótinu sl haust með fullu húsi. Tómas vann svo öruggan sigur á Hraðaskákmóti Hugins í desember með 8 vinningum af 8 mögulegum. Eina mótið sem Tómas vann ekki sigur á var Janúarmótið, en þar varð hann í 3. Sæti.

Tómas er því verðugur sem skákmaður HSB 2017.

## Skotíþróttamaður HSB: Gylfi Sigurðsson



Einn Íþróttamaður keppti fyrir hönd Skotfélags Húsavíkur 2017 og vann til verðlauna. Það er Gylfi Sigurðsson. Bestum árangri náði Gylfi á Midnight Open sem haldið var þann 24. júní 2017. Keppt var í Bench rest riffilskotfimi og voru 11 manns skráðir í mótið og komu þeir víðast hvar frá landinu. Gylfi vann af 100m færi og varð 3. af 200m færi og varð því samanlagt í 2. sæti á mótinu.

# Fréttapunktur frá UMFÍ 2017

## CoreData

UMFÍ og AZAZO gerðu í janúar samning um notkun á hugbúnaðinum AZAZO CoreData til að halda utan um öll gögn hreyfingarinnar, bæta verkefnastýringu og fundarhöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ enda snýr hann að framtíðarsýn hreyfingarinnar. Innleiðingu á kerfinu er lokið og á nú öll skjalavinnsla sér stað í CoreData. Með kerfinu getur UMFÍ haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundarhöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ hafa þegar tekið kerfið í notkun.

## Ungt fólk til áhrifa

UMFÍ leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og sterka sjálfsmynd einstaklingsins svo hann geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl. Dagana 5. - 7. apríl var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í áttunda sinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var Ekki bara framtíðin - Ungt fólk, leiðtogar nútímans. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni en jafnframt komu Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga (USVH), Sveitarfélagið Árborg og Húnaþing vestra að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Heildarfjöldi þátttakenda var um 70 manns, blanda af ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið.

Næsta ráðstefna fer fram 21. – 23. mars á Hótel Borealis, Selfossi.

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að fara af stað með verkefni undir heitinu Umræðupartý UMFÍ. Markmið og tilgangur verkefnisins er að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélagshreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. Einnig er markmið með verkefninu að gefa ungu fólk tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og hafa skoðun á því hvernig UMFÍ vinnur með verkefni sem hugsuð eru fyrir ungt fólk. Verkefnið stendur frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2018. Næsta umræðupartý fer fram föstudaginn 2. febrúar nk. í Egilshöllinni Grafarvogi.

## Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 20. maí í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á fundinum flutti markþjálfinn og íþróttakennarinn Jón Halldórsson erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd einstaklinga. Í erindinu sagði hann m.a. að sé vilji til þess að ná árangri sem hópur þá verði að vinna með styrkleika einstaklinga í hópnum en ekki miða út frá veikleikum þeirra. Jón lýsti því m.a. hvernig fólk leitar oftast að veikleikum sínum og reyni að vinna í því að bæta þá. Það ætti ekki að gera heldur vinna með styrkleikana.

## Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 29. maí – 4. júní. Alls voru um 150 boðberar víðs vegar um landið sem stóðu fyrir um 490 viðburðum í 60 bæjarfélögum árið 2017. Áætlað er að um 43.000 þátttakendur hafi tekið þátt.

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað miljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020.

Í Hreyfivikunni leggja áhugasamir boðberar hreyfingar sitt af mörkum í nærumhverfi sínu til að fá fólk til að hreyfa sig. Þetta leiðir til þess að margar frumlegar og óhefðbundnar leiðir eru farnar. Dæmi um þetta er, samflot á Akranesi, jarðfræðiganga, ringó í Borgarnesi, plankaáskorun, fílaþóttbolti og hreyfipubquiz.

Hreyfivikan fer fram dagana 28. maí – 3. júní 2018.

## 7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Hveragerði dagana 23. – 25. júní 2017. Mótið var haldið í fyrsta sinn árið 2011 og var þetta því sjöunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var mótshaldari.

Mótið var sett við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Hveragerði. Heimamenn komu fram við setninguna. Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson tók lagið og sýndi fimleikahópur listir sínar. Við setningu mótsins var keppt í línudansi. Eftirherman og skemmtikrafturinn Hjörtur Benediktsson var veislustjóri í sameiginlegum kvöldverði þátttakenda. Hljómsveitin Pass spilaði undir dansi.

Á mótinu var keppt í 18 greinum. Vinsælustu greinarnar voru sem fyrr boccía og pútt ásamt stígvélakasti. Áhorfendur höfðu mikinn áhuga á keppni í pönnukökubakstri og er dæmi um að fólk hafi komið langt að til



að fylgjast með keppninni. Yngri keppendur á mótinu voru áhugasamir um throwdown, utanvegahlaup og þríþraut auk þess sem allir aldurshópar kepptu í ringó.

Þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði voru rúmlega 500 sem er afsþyrnu gott.

### **Stjórnendur UMFÍ á landsmóti Dana**

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í lok júní árið 2017 fór hópur fimmtíu sambandsaðila UMFÍ og fólks tengdu UMFÍ og sveitarstjórn Skagafjarðar í nokkurra daga ferð til Álaborgar að fylgjast með landsmóti DGI. Hópurinn hafði fylgst með undirbúningi landsmóts DGI um nokkurt skeið og var tilgangur ferðarinnar að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfbóðaliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipuleggjenda mótsins við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta. Á meðal þeirra sem fóru í ferðina voru Guðríður Adnegaard, formaður HSK, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, og Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss.

### **20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum**

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2017. Þetta var 20. Unglingalandsmót UMFÍ. Mótshaldari var Ungmennna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Fljótshérað. Ómar Bragi Stefánsson var sem fyrr framkvæmdastjóri mótsins og sá hann um skipulagningu þess ásamt framkvæmdanefnd.

Mótið var sett föstudaginn 4. ágúst á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. Viðstaddir voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, þá mennta- og menningarmálaráðherra. Mótinu var svo slitið á sama stað að kvöldi 6. ágúst.

Keppendur voru 980 talsins á aldrinum 11 – 18 ára, 538 strákar og 442 stúlkur. Flestir keppendur voru 12 ára en fæstir 11 ára og 18 ára. Sem fyrr kepptu flestir í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Á síðasta degi mótsins var keppt í kökuskreytingum. Keppnin var nýlunda á mótinu og sló í gegn. Rúmlega 100 þátttakendur voru skráðir til keppni í kökuskreytingum.

### **Ungmennna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum**

UMFÍ hefur starfrækt Ungmennna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal frá árinu 2005. Síðastliðinn vetur komu 1.600 nemendur úr 8. og 9. bekk grunnskóla frá öllu landinu í búðirnar. Þetta er eilíftill samdráttur á milli ára. Hann skýrist m.a. af því að nemendur sumra skóla koma stundum bæði haust og vor sama árið en úr öðrum skólum koma nemendur annað hvert ár. Öðru máli gegnir um vorönnina nú. Hvorki fleiri né færri en 53 skólar hafa bókað dvöl í búðunum og verða nemendurnir um 2.000. Þeir hafa aldrei verið jafn margir og í ár.

Í Ungmennna- og tómstundabúðum UMFÍ spreyta ungmennin sig í fjölbreyttum verkefnum s.s. ræðumennsku, þrautabrautum, traustagöngu, hraðstefnumótum og laugaleikum. Í lok dvalar sögðust 91% ungmennanna hafa farið út fyrir þægindarammann og 90% töldu sig hafa fundið fyrir hvatningu frá liðsfélögum.

### **Forvarnardagurinn**

Forvarnardagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Árið 2017 fór dagurinn fram 4. október. Þetta var 11. árið sem forvarnardagurinn er haldinn.

### **Ánægjuvogin 2017**

Ánægjuvogin er könnun á vegum UMFÍ og ÍSÍ og tekur púlsinn á stöðu íþróttastarfs, ánægju iðkenda og stöðu áfengis- og tóbaksnotkunar meðal ungmenna í 8. til 10. bekk um allt land. Ánægjuvogin er unnin upp úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining gerir. Könnun Ánægjuvogarinnar var lögð fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúar 2016. Niðurstöðurnar eru að meirihluti barna, sem stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar, er virkur í íþróttastarfi eða öðru skipulögðu tómstundastarfi og lætur áfengi og vímuefni að mestu í friði. Því fylgir aukin lífshamingja, ánægja og betri námsárangur ungmenna.

### **Fræðslu- og verkefnasjóður**

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélags-hreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári og hefur umsóknum frá sambandsaðilum og félagum UMFÍ fjölgað verulega á milli ára. Árið 2017 var 152 verkefnum úthlutað tæpum 14,7 milljónum króna.

### **Umhverfissjóður UMFÍ**

Umhverfissjóður var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008. Fyrstu styrkirir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008. Árið 2017 var 950.000 krónum úthlutað til átta verkefna.

### **Skráningarkerfið Nóri**

Í maí 2017 innsigliðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota það. Samningurinn gerir UMFÍ kleift að skrá allt móta- og viðburðahald í framtíðinni auk þess sem sambandsaðilar UMFÍ geta fengið aðgang að kerfinu fyrir rekstur sinn. Samkvæmt samningnum mun Greiðslumiðlun, móðurfélag Nóra, hanna og skrifa skráningarkerfi fyrir landsmót UMFÍ og önnur mót og viðburði UMFÍ sem byggja á tengdum kerfum. UMFÍ notaði kerfið í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní og gerði það aftur í aðdraganda Unglingalandsmótsins.

### **Æskulýðsvettvangurinn**

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.

Einelti og annars konar óæskileg hegðun er ekki liðin innan Æskulýðsvettvangsins. Því eru forvarnir og fræðsla um einelti, hatursorðræðu, ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum sem og mannréttindafræðsla á meðal verkefna Æskulýðsvettvangsins. Auk þess hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið að því að fletta upp í sakaskrá fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða innan aðildarfélaganna og þrýst hefur verið á stjórnvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot geti ekki starfað með börnum og unglingum.

Æskulýðsvettvangurinn hélt ráðstefnuna Af hverju hataru mig svona mikið um miðjan september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og sýndu fjölmiðlar henni mikla athygli.

### **Opni háskólinn**

UMFÍ er einn af samstarfsaðilum opna háskólans um nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. UMFÍ á einn fulltrúa í náminu. Það er Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ. Hún segir námið fróðlegt og gagnlegt fyrir stjórnendur í þriðja geiranum.

### **Sambandsþing UMFÍ í Hallormsstað**

50. sambandsþing UMFÍ fór fram á Hótel Hallormsstað á Héraði í október 2017. Þingið fór vel fram og sátu það um 150 þingfulltrúar, stjórn UMFÍ og starfsfólk. Sambandsþing UMFÍ er haldið á tveggja ára fresti og er það æðsta valdið í málefnum UMFÍ.

Tímamót urðu á þinginu en þar skrifuðu þeir Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára. Þetta er tímamótasamningur enda í fyrsta sinn sem stjórnvöld semja við félagasamtök í meira en eitt ár í senn. Kristján Þór sagði í ávarpi sínu í tengslum við undirskriftina í farvatninu að gera samninga við fleiri félagasamtök til þriggja ára því það gefi þeim færi á að skipuleggja sig betur til lengri tíma.

# Fréttapunktur frá ÍSÍ 2017

## Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða

Forseti ÍSÍ heimsótti á árinu 2017 starfssvæði Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) og Héraðssambands Strandamanna (HSS). Fundað var með fulltrúum sambandanna og sveitarfélaganna. Forseti ÍSÍ, ásamt föruneysi, hefur heimsótt hin ýmsu íþróttahéruð víða um land síðustu þrjú árin. Á hverjum stað hefur forsetinn fundað með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar og fulltrúum sveitarfélaga og kynnt sér íþróttastarfsemina ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja.

## Formannafundur 2017

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 17. nóvember í Laugardalshöllinni. Nú var í fyrsta sinn boðað til fundarins skv. breyttum lögum ÍSÍ en á 73. Íþróttapingi ÍSÍ í maí 2016 var samþykkt að bæta framkvæmdastjórum sambandsaðila við sem þátttakendum á fundinum. Ríflega 100 manns sóttu fundinn.

Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ fjögur mál fyrir fundinn. Þorvaldur Ingimundarson heilindafulltrúi KSÍ kynnti stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix upplýsti fundinn um stöðuna á nýja Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni Afrekssjóðs ÍSÍ, þær breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og þá vinnu sem framundan vegna úthlutana úr sjóðnum og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ kynnti verkefni ÍSÍ og UMFÍ sem ber heitið Betra félag.

## Heiðurshöll ÍSÍ

Á 73. Íþróttapingi ÍSÍ þann 5. maí var Jón Kaldal frjálsíþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ.

Á hófi Íþróttamanns ársins 2017, þann 28. desember, var Skúli Óskarsson kraftlyftingamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Alls eru nú 17 einstaklingar í Heiðurshöllinni. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

## Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2017 voru 127 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 30 m.kr. frá árinu 2016. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

## Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2017 var 95 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 10 m.kr. frá árinu 2016.

## Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stórukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda ÍSÍ um 150 m.kr. og síðar á árinu var úthlutað 100 m.kr. til viðbótar. Miklar breytingar voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ á árinu 2017 og nú er úthlutað samkvæmt nýju vinnulagi sem felur í sér aukna samvinnu ÍSÍ og sérsambanda. Nánari úthlutun má sjá á vefsíðu Afreksíþróttasjóðs ÍSÍ á [isi.is](http://isi.is) en þar er sérstakt vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn.

## Ólympísk verkefni

Á árinu 2017 sendi ÍSÍ þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Erzurum í Tyrklandi 12. – 17. febrúar. Ísland átti keppendur í alpagreinum, skíðagöngu, listskautum og á snjóbrettum. Keppendur á leikunum eru á aldrinum 14 til 18 ára, þáttökupjóðir eru 34 og þátttakendur eru um 1200.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram í San Marínó frá 29. maí til 3. júní. Tæplega 200 manns voru í íslenska hópnum, þar af 136 keppendur eða 73 karlar og 63 konur. Ísland hafnaði í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 60 verðlaun, þar af 27 gullverðlaun. Lúxemborg trónir á toppi töflunnar með 97 verðlaun, þar af 37 gull.



Kýpur var í 2. sæti með 83 verðlaun, þar af 30 gull.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Györ í Ungverjalandi frá 23. til 29. júlí. Alls tóku 34 íþróttamenn þátt fyrir Íslands hönd, auk flokksstjóra, þjálfara, dómara og fararstjórnar.

## Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkráþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

## Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

## Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er [www.isi.is](http://www.isi.is) og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isiceland. ÍSÍ er einnig með Vimeo-síðu (<https://vimeo.com/user33366809>) og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni (<https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands>). Myndasíða ÍSÍ er sífellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir (<http://myndir.isi.is/>).

## Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvakerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttu iðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega. Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017 en við innleiðingu kom í ljós að kerfið var í raun ekki tilbúið til notkunar. Því var farið í gagngerar prófanir á kerfinu og uppfærslur og telst kerfið nú fullbúið. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Microsoft Edge, Internet Explorer, Google Chrome og Safari. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

## Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2017 var haldinn þann 4. október. Lesa má meira um verkefnið á [www.forvarnardagur.is](http://www.forvarnardagur.is)

## Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttapátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars í ljósi #metoo byltingarinnar fræðslufundi um forvarnir gegn kynferðislegu áreitni. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurlaikana (RIG) og HÍ og HR.

## Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Heimasíða verkefnisins er [www.synumkarakter.is](http://www.synumkarakter.is), einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.

Þann 29. september var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – allir með!, en hún var ætluð ungmennum á aldrinum 13-25 ára. Markmið ráðstefnunnar var að upplýsa ungmennin um að í íþróttahreyfingunni er rými fyrir alla og að störf dómara, þjálfara og stjórnarmanna geti verið spennandi og gefið einstaklingum mikið. Ráðstefnan byggðist upp af fyrirlestrum, vinnuhópum og pallborði, en þar gafst ungmenninum tækifæri til

að spyrja ráðamenn innan Íþróttahreyfingarinnar. Um 80 ungmenni sóttu ráðstefnuna alls staðar að af landinu.

## **Þjálfaramenntun**

Þjálfaramenntun ÍSí fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍSí sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sér-sambandanna.

## **Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí**

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSí eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSí.

Á Íþróttapingi ÍSí árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSí fyrir fyrirmyndarstarf. Ungmennasamband Eyjafjarðar fékk í nóvember afhenta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSí, fyrst allra íþróttahéraða. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSí þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

## **Ólympíudagurinn**

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. ÍSí hefur fengið sérsambönd í lið með sér sem hafa boðið börnum að prófa ýmsar greinar. Íþróttafélög með sumarnám-skeið og fristundaheimili hafa tekið þátt á undanförunum árum. Þá hefur Samband Íslenskra Ólympíufara tekið þátt í golfmóti sem skipulagt hefur verið af GSÍ í tilefni dagsins.

## **Almenningsíþróttir**

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 1.–21. febrúar 2017. Þátttakendur voru 16.000 að þessu sinni.

Hjólað í vinnuna fór fram í fimmtánda sinn 3.–23. maí 2017. Þátttakendur voru 5.721. 428.926 kílómetrar voru skráðir, sem samsvarar rúmum 320 hringjum í kringum Ísland. Verkefnið hefur frá upphafi hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 18. júní 2017. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 6. september – 4. október 2017. 71 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarpunginn við skóla.

Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

## **Lyfjamál**

Alls voru tekin 151 sýni á árinu 2017, þar af 80 sýni í keppni eða um 53%. Lyfjapróf voru tekin í 17 íþróttagreinum og reyndust þrjú sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSí, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSí stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSí, <http://isi.is/lyfjaeftirlit/>.

## **Starfsskýrslur ÍSí**

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSí í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

## **Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2017**

Þann 28. desember 2017 hélt ÍSí hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2017 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttaféltamanna á íþróttamanni ársins 2017 lýst.

## **Líney Rut í stjórn EOC**

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí var þann 24. nóvember kjörin í stjórn Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC), fyrst Íslendinga. Líney Rut var kjörin í stjórnina til næstu fjögurra ára. Ein önnur kona verður í stjórn EOC næstu fjögur árin, Daina Gudzineviciute, forseti Ólympíunefndar Litháen. Líney Rut er vel þekkt innan EOC en hún hefur starfað í ýmsum nefndum og ráðum innan EOC og m.a. stýrt

eftirlitsnefnd á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar.

Það er stór sigur fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi að eiga nú fulltrúa í æðstu samtökum Ólympíu-hreyfingarinnar í Evrópu.

### **Norræna skólahlaupið**

Norræna skólahlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið 1984. ÍSÍ sér um framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Verkefnið nýtur stuðnings ÍSÍ, Mjólkursamsölnunnar og Evrópuráðsins og er haldið í samvinnu við Íþrótt- og heilsufræðifélag Íslands. Formleg setning hlaupsins fór fram í Giljaskóla á Akureyri að þessu sinni. Þátttaka í hlaupinu var mjög góð en 73 skólar tóku þátt og hlupu 18.947 nemendur 63.988 kílómetra.

### **Íþróttavika Evrópu**

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) var haldin víðsvegar um álfuna, vikuna 23. – 30. september 2017. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands heldur utan um verkefnið. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarnnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi. Þetta var í annað sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

### **Heilsuefling eldri aldurshópa**

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum Nefnd ÍSÍ um íþróttir 60+. Á vefsíðu ÍSÍ má finna yfirlit yfir hreyfitalboð til eldri borgara í öllum landshlutum ásamt ýmsum fróðleik um heilsu og hreyfingu eldri borgara.